



## **Er Ísland best í heimi?**

Um sjálfsmynd þjóðar í orðræðu forseta Íslands

Inga Magnea Skúladóttir

**Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum**

**Félagsvísindasvið**

**Júní 2014**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**



*Er Ísland best í heimi?*

*Um sjálfsmynd þjóðar í orðræðu forseta Íslands*

Inga Magnea Skúladóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Inga Magnea Skúladóttir 2014  
0307774419

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á inntak orðræðu forseta Íslands á tímabilinu 1997-2012 út frá hugmyndum um sjálfsmynd og sjálfsmyndarsköpun þjóðar. Markmiðið með því er að skoða hvernig ríkjandi orðræða valdhafa hefur áhrif á sjálfsmynd þjóðar innanlands sem og á alþjóðavettvangi. Hverju er haldið á lofti í orðræðunni, og er þar eitthvað sem kemur á óvart. Á þessu tímabili hafa orðið miklar sviptingar á Íslandi; útrásartímabil sem endaði svo með efnahagshruni árið 2008, og því taldi ég gagnlegt að rýna í orðræðu forseta Íslands á alþjóðavettvangi. Forseti Íslands hefur verið umdeildur og fékk til að mynda viðkvæðið *klappstýra útrásarinnar*. Forsetinn fór víða á þessu tímabili, hann nýtti sambönd sín, talaði máli og greiddi götur margra viðskiptamanna sem sóttu á erlendan markað.

Fræðilegur grunnur ritgerðarinnar byggir á kenningum um þjóðernishyggju, smáríki ásamt póststrúktúralískum kenningum. Ræður og erindi sem flutt voru á alþjóðavettvangi, heima og erlendis, voru til rannsóknar. Rannsóknin byggir bæði á megindlegri og eigindlegri aðferðafræði þar sem gerð var innihaldsgreining og orðræðugreining.

Þau þrástef sem komu í ljós snúa að smæð þjóðarinnar, eðlislægum eiginleikum og yfirburðum Íslendinga, en einnig hugmyndum um endurreisn ríkisins. Í orðræðu forseta Íslands birtist landið sem sjálfstætt og óháð smáríki, byggt skapandi og hæfileikaríku fólki, sem sér heiminn sem leikvöll sinn. Niðurstöðurnar sýna að þessi sjálfsmynd er ekki ný af nálinni og má líta svo á að hún byggir á einhverju leyti á þeirri sjálfsmynd, eða þjóðernisgoðsögn, sem var sköpuð hér á landi á árunum 1900-1930. Sú þjóðernisgoðsögn byggði einnig á einstaklingshyggju, eðlislægum yfirburðum og endurreisn sjálfstæðs ríkis. Sköpun og endursköpun sjálfsmyndar þjóðarinnar endurspeglar í orðræðu valdhafa ríkisins.

## **Abstract**

The aim of this dissertation is to analyze the discourse of an Icelandic identity and identity creation found in speeches made by the president of Iceland from 1997-2012. The aim was to examine how the dominant discourse of authority, such as that of the Icelandic president, can influence the identity of a nation, during international relations - both at home and abroad. During this era, from 1997-2012, the Icelandic people experienced a great deal of turmoil. The fast pacing, and seemingly profitable Icelandic economic expansion, which then lead to a deep economic recession in 2008 made a significant impression on Icelanders. Due to these vastly different circumstances I thought it would be valuable to examine the discourse of the Icelandic president in his public appearances abroad. Which discourse did he uphold during his speeches and are they in any way unforeseen or surprising.

The Icelandic president has often brought about controversy. During the economic golden years he earned the nickname “business cheerleader,” and perhaps not unsurprisingly. The president travelled extensively during these years. He used his connections to help and empower the Icelandic businessmen that wanted to conquer foreign markets.

The theoretical foundations of this thesis are based on theories regarding nationalism, small states as well as poststructural theories. The president’s speeches are all public records.

The study is based upon both qualitative and quantitative methodology using content analysis as well as discourse analysis. The themes that were uncovered are connected to the small population of the Icelandic nation, and their superiority as well as the ideas of how to restore the state to its former glory after the economic collapse. In the words of the president the country appears as an independent small state inhabited by creative and talented people that view the world as their oyster. The conclusion is that this identity creation is not a new theme and it can be said that it builds upon the identity or nationalist myth that was reinforced in Iceland during 1900-1930. This myth was also closely connected to the individualistic tendencies of the Icelandic people and the assumption that Icelanders have an innate superiority as well as the restoration of Iceland as an independent state. The creation and reinforcement of the Icelandic identity is reflected in the words of its president.

## **Formáli**

Þessi ritgerð er unnin sem 30 ECTS eininga lokaverkefni í meistaranámi í alþjóðasamskiptum við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, og kann ég henni bestu þakkir fyrir góðan stuðning og mikla hvatningu. Ég kom aldrei að tómun kofanum þegar mig vantaði góð ráð eða nýjar leiðir til að leysa verkefnið – takk!

Fjölskyldu minni og vinum þakka ég stuðninginn og alla þá aðstoð, sem þau hafa veitt mér á annasömum tímabili. Ævari Rafnssyni þakka ég nákvæman yfirlestur og gagnlegar athugasemdir sem og föður mínum, Skúla Magnússyni.

Síðast en alls ekki síst vil ég þakka manninum mínum, Ólafi Erni Ólafssyn, fyrir þolinmæðina og umburðarlyndið. Takk fyrir að missa aldrei trúna á mig, þó svo að ég hafi gert það reglulega. Elsku drengirnir mínir, Kolbeinn Skúli og Hrafnkell Tumi, nú er mamma loksins búin! Þið eruð lífið og gleðin.



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	6
1 Inngangur .....	7
2 Kenningar .....	10
2.1 Póststrúktúralismi.....	12
2.1.1 Póststrúktúralismi og orðræðugreining í alþjóðasamskiptum.....	16
2.1.2 Sjálfsmyndarsköpun þjóða – öðrun .....	20
2.2 Þjóð og þjóðernisstefna.....	21
2.2.1 Hinn sanni Íslendingur .....	25
2.2.2 Hversdagsleg þjóðernishyggja .....	28
2.2.3 Smáríkjakenningar .....	31
3 Aðferðafræði og úrvinnsla .....	34
3.1 Rannsóknin.....	34
3.2 Aðferðafræðileg nálgun.....	34
3.2.1 Innihaldsgreining .....	36
3.2.2 Orðræðugreining .....	37
3.2.3 Verklag orðræðugreiningar .....	38
3.3 Framkvæmd rannsókna.....	40
3.3.1 Réttmæti og áhættumat .....	42
4 Niðurstöður innihaldsgreiningar á ræðum forseta Íslands .....	44
5 Orðræðugreining á ræðum forseta Íslands á tímabilinu 1997-2012.....	45
5.1 „...smáum ríkjum eru nú engin takmörk sett.“ .....	46
5.2 „Sköpunargáfa er hryggjarstykki íslensku arfleifðarinnar.“ .....	59
5.3 „Allur heimurinn er leikvöllur þeirra.“ .....	67
6 Umræður.....	73
6.1 Smáríkið Ísland í orðræðu forseta Íslands.....	73
6.2 Íslensku athafnaskáldin í orðræðu forseta Íslands.....	75
6.3 Einraddað samfélag.....	76
7 Lokaorð .....	79
8 Heimildaskrá .....	80

# 1 Inngangur

Áhugi minn á viðfangsefninu vaknaði í kringum efnahagshrunið á haustdögum 2008 þar sem ég sat kúrsa og málþing, sem fjölluðu æ oftar um sjálfsmynd þjóðarinnar. Sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar hafði skekkst og því var þörf á einhverskonar endurskilgreiningu og allsherjar endurskoðun á því hvernig við, sem þjóð, vildum líta út á alþjóðavettvangi. Þegar farið er í gegnum átakatímabil er þörf á sjálfsskoðun, sama hvort um einstakling er að ræða eða þjóð. Hver erum við, fyrir hvað stöndum við og hvað er það sem við viljum koma á framfæri og vera þekkt fyrir. Það er okkur öllum hollt að stunda þessháttar sjálfsskoðun reglulega en þá þurfum við líka að skoða ofan í kjölinn þá sjálfsmynd sem við höfum verið að halda á lofti.

Þegar Ísland *hrundi* á haustmisseri 2008 hrundi einnig sú sjálfsmynd sem hafði verið haldið á lofti og við samsamað okkur við. En hvaðan kemur hugmyndin um æskilega sjálfsmynd þjóðar? Hverjir eru það sem geta skapað og viðhaldið sjálfsmynd heillrar þjóðar á alþjóðavettvangi? Fyrir hvað stendur Ísland? Hverjir hafa það vald til að ákveða fyrir hvað heil þjóð stendur og ryðja einhverja ákveðna braut frekar en aðra.

Í kjölfar þessarar forvitni um sjálfsmyndarsköpun þjóðar fannst mér áhugavert að rýna í ræður forseta lýðveldisins og skoða hvaða þjóðarsjálfsmynd endurspeglast í orðum hans á alþjóðavettvangi. Forseti Íslands hafði verið áberandi á útrásartímabilinu, hann studdi útrásina skýlaust og talaði máli þeirra sem fóru mikinn í viðskiptum á erlendum vettvangi. Forsetinn fékk meira að segja á sig viðurnefnið *klappstýra útrásarinnar*, sem í þessu samhengi var niðrandi og dæmi um þá stefnu sem hann hafði tekið á tímabilinu. Hann notaði persónuleg sambönd sín til að greiða götu viðskiptajöfra á erlendum vettvangi og útskýrði velgengi þeirra meðal annars með því að þeir væru gæddir *eðlislægum þjóðareiginleikum*.

Í alþjóðasamskiptum er talað um *gerendur* á alþjóðavettvangi. Þeir geta ýmist verið ríki, alþjóðastofnanir, matsfyrirtæki eða einstaklingar. Samkvæmt kenningum um smáríki geta völd einstaklinga, sem gerenda á alþjóðavettvangi, vegið ansi þungt þegar um smáríki er að ræð á meðan einstaklingar eru ekki eins valdamiklir í stærri ríkjum. Það var því áhugavert að skoða orðræðu forseta Íslands, sem hefur sterka ímynd leiðtoga, og sjá hvað birtist í orðræðu hans á alþjóðavettvangi.

Allt frá því að ég áttaði mig á því að veröldin er hvorki svört né hvít heldur gráleit félagslega og pólitískt mótuð, hefur áhrif og vald orðræðunnar í samfélaginu heillað mig. Ríkjandi orðræðu er nauðsynlegt að rýna í og draga í efa til að sjá hvað býr að baki. Orðræðan sem er viðtekin eða *sönn* hverju sinni er ávallt mótuð af ákveðnu sjónarhorni og jafnvel hagsmunum einhverra aðila. Stór hluti sjálfsmyndar okkar sem þjóðar á sér stað í orðræðunni og þeim viðteknu hugmyndum sem þar birtast. Hlutverk forseta Íslands er að vera sameiningartákn þjóðarinnar og tala máli hennar heima fyrir og erlendis og því getur hann haft mikil áhrif á mótun sjálfsmyndarinnar. Hver er sú sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem hann talar fyrir á alþjóðavettvangi og hvaðan sprettur sú sjálfsmynd?

Í þessari rannsókn er orðræða forseta Íslands greind til að koma auga á þá sjálfsmynd þjóðar sem hann talar fyrir á alþjóðavettvangi. Horft er til þrástefa á borð við smæð, arfleifð og alþjóðlega stöðu Íslands en þau þrástef komu í ljós við orðræðugreiningu. Þessi þrástef verða svo sett í samhengi við kenningar sem voru til grundvallar. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar á rætur sínar að rekja til póststrúktúralisma og verður þeim kenningum og aðferðafræði beitt til að réttlæta rannsóknina. Einnig verður kenningum um þjóðernisstefnu og smáríki beitt. Sú aðferðafræði sem stuðst er við er innihaldsgreining (e. content analysis) og orðræðugreining (e. discourse analysis) og tilheyra bæði megindlegri (e. quantitative) og eigindlegri (e. qualitative) aðferðafræði. Með innihaldsgreiningu er hægt að koma auga á tíðni orða sem byggir og staðfestir þrástef sem finnast með orðræðugreiningu.

Uppbyggingar ritgerðarinnar er sú að í 2. kafla er fræðilegur grunnur rannsóknarinnar kynntur. Þar verður fyrst farið í skilgreiningu á póststrúktúralískum kenningum í anda Foucault, því næst verður litið á hvernig þær kenningar rötuðu inn í alþjóðasamskipti og eru notaðar þar. Í síðari hluta 2. kafla verður farið yfir helstu atriði þjóðernisstefnu með áherslu á doktorsrannsókn Sigríðar Matthíasdóttur og *hina hversdagslegu þjóðernisstefnu* Michael Billig. Kenningar um smáríki og stöðu einstaklingsins verða kynntar. Í 3. kafla er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt og farið yfir framkvæmd hennar. Í 4. kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar og í 5. kafla verða niðurstöður orðræðugreiningarinnar kynntar, en þrjú megin þemu voru greind í orðræðunni. Fyrsta þemað snýr að *smæð* landsins en í orðræðu forsetans kemur smæðin mjög oft fyrir og er landið skilgreint út frá henni. Aftur á móti er smæðin gerð að afar jákvæðu vogarafli og verður að

einum helsta styrkleiki Íslands. Næsta þema snýr að *eðlislægum eiginleikum* Íslendinga. Kostir Íslendinga eru taldir upp og þeir settir í samhengi við landið og arfleifðina. Þriðja þemað fjallar um *endurreisnina* eða blómaskeiðið sem upphófst í byrjun aldarinnar og er sett í samhengi við *gullöld* eða *gullaldir* Íslendinga. Í kafla 6. eru umræður um niðurstöðurnar og loks lokaorð í 7. kafla.

## 2 Kenningar

Í þessum kafla verður farið yfir þær kenningar sem stuðst er við í ritgerðinni. Þar sem inntak verkefnisins er orðræða og forseti Íslands, urðu þrjár kenningaskólar fyrir valinu til að varpa ljósi á viðfangsefnið; póststrúktúralismi, kenningar um þjóðernisstefnu og smárikjakenningar. Þetta eru nokkuð ólíkar kenningar en þær styðja hver aðra og eru vel til þess fallnar að útskýra hlið þess félagslega veruleika sem við búum við. Það þykir sjálfsagt að hvert mál sé skoðað frá mörgum hliðum, að þekking á einu sviði geti komið að gagni við að skoða viðfangsefni á öðru, ólíku sviði.<sup>1</sup>

Þar sem greiningin byggir á orðræðugreiningu, er mikilvægt að styðjast við þá kenningaskóla sem rýna í tungumálið, sem er grundvöllur pólitískrar orðræðu. Póststrúktúralísku sjónarhorni er beitt á orðræðuna en samkvæmt póststrúktúralistum er tungumálið hið mótandi afl og verður orðræðan greind á Foucaultískan hátt. Með því að byggja á kenningum Foucault um orðræðu, er sjónum beint að þeim hugmyndum, viðhorfum og gildum, sem eru ráðandi innan samfélagsins og hvernig þeim er beitt til að hafa stjórn á og réttlæta pólitískar gjörðir innan þess. Póststrúktúralísk nálgun er notuð til að skoða og greina tungumálið, samspil valds og þekkingar og hvernig hin viðtekna orðræða myndast og er samþykkt. Póststrúktúralismi felur í sér að skyggst er undir yfirborðið og hið viðtekna er dregið í efa, orðræðan er skoðuð og sjónum beint að uppbyggingu valdsins sem liggur að baki myndun þeirra. Ríkjandi orðræða er ein leið túlkunar á atburðum út frá einu sjónarhorni, það er svo áhugavert að skoða hvað ræður því hvaða orðræða verður ríkjandi og því viðtekin í samfélaginu.

Í alþjóðasamskiptum hefur tilhneigingin verið til að horfa mjög raunsætt á heiminn og stuðst við stóra kenningaskóla á borð við raunhyggju og nýraunhyggju. Á síðustu árum og áratugum hefur opnast fyrir fleiri kenningar í alþjóðasamskiptum og þar á meðal mótunarhyggju og póststrúktúralisma sem rýnir meira inn á við en stóru kenningaskólarnir. Með þessum kenningum hefur sjónarhornið færst inn á við og að samfélaginu og hvaða áhrif það hefur á ríki í alþjóðlegu samhengi. Stóru kenningaskólarnir (e. grand theories) eru því ekki allsráðandi líkt og áður og eru því fleiri hliðar samfélagsins sem fá athygli.

---

<sup>1</sup> Garðar Baldvinsson, 2005, 17

Kenningar um þjóðernishyggju hjálpa okkur að skilja upprunann og þann félagslega veruleika sem við búum við. Sjálfsmynd þjóðar er áhugavert fyrirbæri og hvernig er hún sköpuð. Það þarf að endurskapa sjálfsmyndina reglulega í takt við breytingar heima við eða á alþjóðalegum vettvangi. Sigríður Matthíasdóttir skrifaði doktorsrit sitt: *Hinn sanni Íslendingur*, um sjálfsmynd og þá sjálfsmyndarsköpun sem átti sér stað á Íslandi á tímabilinu 1900-1930. Ég mun m.a. styðjast við verk hennar enda eru hliðstæður í rannsókn hennar og því tímabili sem ég er að skoða íslenskt samfélag og mótun sjálfsmyndar á uppgangstíma sem var hér. Þar eru mörg stef sem endurtaka sig í orðræðu útrásarinnar. Ég mun einnig gera grein fyrir helstu kenningarlegu hugmyndum þjóðernishyggju til að varpa ljósi á hugtökin þjóð og þjóðerni. Kenningar Michael Billing um hversdagslega þjóðernishyggju (e. banal nationalism) frá 1995 verða einnig til stuðnings en þær varpa ljósi á hvernig þjóðernishyggja birtist okkur í hinu daglega lífi og hvernig hverdagsleiki hennar verður til þess að þjóðernishyggjan verður samofin og sjálfsögð í tilveru okkar.

Í ljósi smæðar Íslands fannst mér mikilvægt að styðjast við kenningar um smáríki, þar sem eitt af því sem einkennir smáríki m.t.t. utanríkismála og stöðu í alþjóðakerfinu er áhrif einstaklinga sem gerenda. Innan smáríkja geta einstaklingar haft, eða öðlast, mikil völd og haft afgerandi áhrif og það á jafnt við utanríkismál sem önnur svið. Smáríkjakenningar eru því gagnlegar þegar skoða skal áhrif forsetaembættisins í smáríkinu Íslandi. Hver stjórnar ríkjandi orðræðu og hver fær að taka þátt. Á Íslandi eru það einstaklingar sem eru áhrifamiklir og ná að hafa áhrif á ríkjandi orðræðu með stöðu sinni og tengslum. Í smáum ríkjum eru einstaklingarnir oft áhrifameiri en í stærri ríkjum vegna smæðarinnar og fámennis.

Uppbygging kaflans verður á þá leið að fyrst verður farið í upphaf póststrúktúralískra kenninga og stuðs að mestu leyti við kenningar Foucault um samspil þekkingar og valds. Því næst verður litið til alþjóðasamskipta og hvernig póststrúktúralískar kenningar eru notaðar þar. Þjóðernisstefna verður svo kynnt til sögunnar, helstu straumar og stefnur og kenningar um hversdagslega þjóðernisstefnu. Að lokum verður litið á kenningar um smáríki og stöðu einstaklingsins innan þeirra kenninga.

## 2.1 Póststrúktúralismi

Póststrúktúralismi kom til sögunnar á sjöunda áratug síðustu aldar og er rakinn til þeirra fræðimanna, sem létu að sér kveða innan fræðaheimsins í Frakklandi á þeim tíma. Þá var strúktúralismi ráðandi í Frakklandi, sem og annars staðar í Evrópu og átti sú stefna sinn þátt í að móta póststrúktúralíska hugmyndafræði. Póststrúktúralistar líta svo á að heimurinn sé félagslega mótaður og breytingum háður. Þeir leitast við að skoða það sem stangast á við ríkjandi viðmið og eru iðulega á jaðrinum og hvetja til gagnrýnnar skoðunar á hinni félagslegu uppbyggingu heimsins.<sup>2</sup> Póststrúktúralísk nálgun hafnar því að kenningar afhjúpi algildan óbreytanlegan sannleika þar sem sannleikurinn er ekki algildur heldur síbreytilegur. Póststrúktúralisma og hugmyndafræði hans er að finna víða; í listum, bókmenntum, félags- og stjórnmálafræði. Það er því erfitt að ætla sér að gera grein fyrir allri þeirri víðtæku hugmyndafræði sem póststrúktúralismi stendur fyrir og því verður tungumálið og orðræðan (e. discourse) í fyrirrúmi enda er orðræða megininntak ritgerðarinnar.

Lykilþættir í hugmyndum póststrúktúralista eru tungumálið og orðræðan en þar á samfélagsmótunin sér stað. Barátta um valdið og skilgreiningin á tungumálinu á sér stað í tungumálinu og það sjáum við t.d. á vettvangi stjórnmála. Skoðanir okkar og viðmið mótast af þeirri orðræðu sem er ríkjandi hverju sinni.<sup>3</sup> Í þessari ritgerð mun megináherslan verða á tungumálið og mótun orðræðunnar samkvæmt kenningum póststrúktúralistans Michel Foucault. Sá grunnur og sýn á tungumálið sem póststrúktúralistar byggja á kemur úr strúktúralískri hugmyndafræði og einna helst kenningum málvísindamannsins Ferdinand de Saussure, en hann hélt því fram að tungumálið mótaði þann félagslega veruleika sem við búum við. Saussure hafnaði því að hinn félagslegi veruleiki væri fyrirfram gefinn og að tungumálið endurspeglaði einfaldlega þann veruleika. Saussure skilgreindi tungumálið sem óhlutbundið kerfi (e. abstract) sem væri byggt upp af keðju tákna þar sem hvert þeirra fæli í sér bæði tákmynd (e. signifier), skrifaða eða hljóðmynd og táknið (e. signified), merkingu. Þessir tveir þættir táknsins eru tengdir á handahófskenndan hátt og því er ekki hægt að tala um

---

<sup>2</sup> Lena Hansen, 2011, 168

<sup>3</sup> Chris Weedon, 2009, 321

náttúrulega eða eðlislæga tengingu á milli rit- eða hljóðmyndar táknsins eða merkingar þess. Merkingin er því ekki bundin í táknið sjálfu heldur háð samhengi og tengslum við önnur tákni í tungumálakeðjunni, þannig er einingin merkingarlaus standi hún ein og sér en öðlast merkingu vegna tengsla við aðrar einingar eða því sem aðgreinir þau frá öðrum táknum í keðjunni.<sup>4</sup> Þannig er merking orða ekki algild heldur tilviljanakennd og byggð á samþykki og þeim hefðum að gefa hugmyndum og hlutum ákveðin orð.

Rússneski formalistinn Michael Bakhtín leit svo á að ekki væri hægt að skilja tungumálið utan þess samhengis (e. context) sem það er notað í og því eru hugmyndir hans um tungumálið, sem félagslega mótað, jafnvel enn opnari en hugmyndir Saussure. Bakhtín taldi að tungumálið væri margradda en ekki einradda og að ekki væri til eitt *almenn t tungumál* sem væri haldið uppi af *almennri rödd* heldur væri um að ræða margradda samfélag ólíkra þjóðarbrotta, stétta, starfsgreina, skoðana o.s.frv.<sup>5</sup> Tungumálið er því einskonar mósaikmynd. Hugmyndir Bakhtín kallast á við kenningar Foucault um áhrif samfélagsins á orðræðuna hverju sinni, Bakhtín vildi meina að tungumálið væri stöðugt í andstöðu og baráttu og undir meiri áhrifum frá samfélaginu en aðrir strúktúralistar héldu fram. Þrátt fyrir að póststrúktúralistar væri hallir undir kenningar Saussure og byggðu sínar kenningar á þeim, gagnrýndu þeir þær einnig fyrir að taka ekki nægilega mikið mið af áhrifum samfélagsins á þróun tungumálsins. Póststrúktúralistarnir voru hallir undir hugmyndir Saussure að merking yrði til innan tungumálsins en væri ekki aðeins endurspeglun þess. Aftur á móti höfnuðu þeir hugmyndum hans um að merking orða væri formföst og endanleg þegar bæði formin næðu saman, merkingarhlutinn og táknið. Póststrúktúralistar samþykktu aðeins að merking orða gæti virst formföst tímabundið ef orðræðan kallaði eftir því en væri í raun breytanleg og að merkingin væri alltaf háð þeirri merkingu sem í hana væri lagt hverju sinni.<sup>6</sup> Táknmyndirnar eru því óstöðugar, að mati póststrúktúralista, og tengsl á milli orða eru aldrei sjálfgefín heldur verður alltaf að skoða þau í samhengi við aðstæður og orðræðuna sem um ræðir. Tungumálið sjálft er ekki það eina sem mótast tilveru okkar, líkt og formgerðarmenn héldu fram, heldur er

---

<sup>4</sup> Chris Weedon, 2009, 322-323

<sup>5</sup> Michael Bakhtín, 1981, XVIII-XIX

<sup>6</sup> Chris Weedon, 2009, 325



merkingin einnig fólgin í aðstæðum, samfélaginu og orðræðunni.<sup>7</sup> Textatengsl (e. intertextuality) er hugtak sem póstrúktúralískir fræðimenn notuðu til að rjúfa hugmyndina um stöðuga merkingu og hlutlæga túlkun texta. Samkvæmt kenningum um textatengsl hafa textar ekki að geyma sjálfstæða merkingu, heldur er merking þeirra alltaf tengd öðrum textum.<sup>8</sup> Póstrúktúralistinn Julia Kristeva, lagði grunninn að kenningum um textatengsl og tvinnar saman kenningar Bakhtín um tvíröddun, eða margröddun, og málvísindakenningar Saussure. Samkvæmt Kristevu setja höfundar ekki saman eigin texta út frá sínum hugarheimi heldur eru þeir að vinna með texta og orðræðu sem þegar er til: „sérhver texti er byggður upp sem mósaík tilvitnana, þ.e. sérhver texti er upptaka og umbreyting annars texta.“<sup>9</sup> Öllum þáttum samfélagsins er miðlað með texta og því vísar texti ekki aðeins til bókmenntatexta heldur til allra þátta samfélagsins, margröddun og textatengsl eiga sér því stað á öllum stigum samfélagsins.

Franski heimspekingurinn Michel Foucault er einna þekktastur póstrúktúralista og snúast kenningar hans um orðræðu og samband þekkingar og valds. Foucault leggur mikið upp úr samspili þessara tveggja þátta og lítur svo á að vald og þekking skapi grundvöll orðræðunnar en setji henni takmörk um leið og ákvarði umfang eða svið hennar – hvað má segja, í hvaða samhengi og hver má tala. Það er nokkur einföldun að nota hugtakið *orðræða* í eintölu, því innan samfélagsins er að finna margar *orðræður*, sem geta jafnvel myndað orðræðubúnt (e. discursive formations). Orðræðubúntum svipar til margra orðræða en mynda jafnframt einskonar ramma eða kerfi utan um þær sem endurspeglar ákveðna samfélagssýn eða tegund hugsunar og útilokar jafnframt aðra. Orðræðubúntin samanstanda því af skrifuðum og óskrifuðum reglum, sem verða til vegna áður nefnds samspils valds og þekkingar, þannig stjórna orðræðubúntin því hvað er leyfilegt að segja og hugsa innan þessara sviða hverju sinni.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> Chris Weedon, 2009, 325

<sup>8</sup> Graham Allen, 2000, 3

<sup>9</sup> Julia Kristeva, 1991, 93-128

<sup>10</sup> Bjarki Valtýsson, 2011, 41-42

Samkvæmt hugmyndum Foucault skapa hinar ýmsu samfélagsstofnanir ákveðið form hugsunar og gefa leyfi fyrir ákveðin umfjöllunarefni með flóknu valdaferli. Þannig er viss heimsmynd og hugsanir ákveðnar meðan aðrar hugsanir og önnur heimsmynd er útilokuð. Orðræðan skapar þekkingu og því er mikilvægt að velta fyrir sér hvernig orðræðunni er stjórnað, af hverjum og hvað er leyfilegt að segja á hverjum tíma fyrir sig.<sup>11</sup> Gefum Foucault orðið:

*Í samfélagi okkar, og í raun hvaða samfélagi sem er, eru fjölmörg valdatengsl sífellt að störfum sem smjúga inn í, auðkenna, lýsa og mynda samfélagsgerðina. Þessum valdatengslum er ekki hægt að koma á fót, styrkja þau og koma þeim í framkvæmd án framleiðslu, samansöfnunar, útbreiðslu og virkni orðræðunnar.<sup>12</sup>*

Hin ráðandi öfl eða aðilar hvers tíma mynda svokölluð sannleiksveldi (e. regimes of truth), sem eru nokkurs konar safn orðræðubúnta, samkvæmt Foucault. Almennigur hefur tilhneigingu til að líta á þessi sannleiksveldi eða orðræðubúnt sem hinn algilda sannleik. Foucault taldi ekki að sannleikurinn væri algildur heldur breytileg stærð sem byggðist á að ákveðnum hugmyndum væri gert hærra undir höfði en öðrum. Í samfélaginu eru því ákveðin sannleiksveldi sem byggja á samþykktri orðræðu samfélagsins. Þannig er sannleikurinn sköpunarverk valdhafa og byggir á ríkjandi orðræðu, þar sem ráðandi hugmyndir verða að hugmyndum heildarinnar.<sup>13</sup> Við getum því aldrei fangað sannleikann heldur í besta falli verið innan hans, hver sem hann er hverju sinni.<sup>14</sup>

Samkvæmt Foucault á *normalisering* sér stað í orðræðunni. Orðræðan er leið til þess að setja ákveðin viðmið (e. norms) sem allt annað er síðan borið saman við. Ríkjandi orðræða verður þannig að hinu viðtekna:

---

<sup>11</sup> Michel Foucault, 1977, 27

<sup>12</sup> Michel Foucault, 1980, 93, (þýðing Bjarki Valtýsson, 2011, 42)

<sup>13</sup> Michel Foucault, 1980, 93-94, (þýðing Bjarki Valtýsson, 2011, 42)

<sup>14</sup> Michel Foucault, 1991, 191

*Sannleikurinn er mannanna verk sem einungis er hægt að framleiða með margvíslegri og meðvitaðri þvingun og slíkur sannleikur veldur valdastraumi. Hvert samfélag býr við sitt sannleiksveldi, sína „almennu sannleikspólítík.“ Slíkt sannleiksveldi er byggt á samþykktri orðræðu sem er látin líta út fyrir að vera sönn og inniheldur ákveðinn mekanisma sem gerir einstaklingum kleift að greina á milli sannra og rangra fullyrðinga. Sannleiksveldið setur hömlur og býr til framleiðsluferli sannra gilda og ákvarðar hvaða öfl fá það vald í hendurnar að búa til og þróa slíkan sannleika.<sup>15</sup>*

Það er því hæðarleikur fyrir valdhafa samfélagsins að ýta undir eða móta ákveðinn sannleika, ríkjandi orðræða á Íslandi fyrir hrun er t.d. gott dæmi um þau viðmið og gildi sem var ýtt undir af valdhöfum samfélagsins á því tímabili.

Póststrúktúralismi felur í sér uppbrot á kenningum, afbyggingu á valdi, svo hægt sé að sjá hvað liggur að baki hugmyndafræðinni og hvernig uppbygging valdsins er. Póststrúktúralísk greining er því ekki endilega til þess fallin að finna lausn á því sem greint er, frekar er hún innlegg í umræðuna til að öðlast nýtt sjónarhorn á viðfangsefnið. Hér á eftir beinum við sjónum okkar að póststrúktúralisma og orðræðugreiningu innan alþjóðasamskipta.

### **2.1.1 Póststrúktúralismi og orðræðugreining í alþjóðasamskiptum**

Póststrúktúralismi kom fram á sjónarsviðið í alþjóðasamskiptum á níunda áratugnum ásamt mótunarkenningum, sem voru m.a. innblásnar af verkum Nietzsche, Bakhtín, Barthes, Foucault, Derrida, Kristevu, Said og fleiri hugsuða, sem tilheyrðu póststrúktúralisma eða póstmóðernisma.<sup>16</sup> Nýjar kenningar birtust í alþjóðasamskiptum eftir lok kalda stríðsins en þá opnaðist gluggi fyrir annarskonar kenningar þar sem talið var að stóru kenningarnar (e. grand theories) hefðu brugðist grundvallarhlutverki sínu – að spá fyrir um stóra atburði líkt og

---

<sup>15</sup> Michael Foucault, 1977, 316 (Þýðing Bjarki Valtýsson, 2011, 42)

<sup>16</sup> James Der Derian, 1992

endalok kalda stríðsins. Stóru kenningarnar höfðu hvorki spáð fyrir um fall Berlínarmúrsins, né hrun Sovétríkjanna eða útskýrt þá atburði fyllilega og því opnaðist fræðasviðið fyrir kenningar sem fengust við smærri og félagslegri hluti á borð við mótunarhyggju, strúktúralisma og femínisma. Þessar kenningar eru frábrugðnar stóru kenningunum því þær eru ekki endilega að fást við að spá fyrir um atburði eða finna lausnir heldur má líta á þær sem nálgun til að skilja félagslegan veruleika.<sup>17</sup> Póststrúktúralismi fékk á sig gagnrýni innan alþjóðasamskipta fyrir að vera eintómt orðagjálfur og meira eins og almenn *gagnrýni* en *raunveruleg kenning*.<sup>18</sup> Á tíunda áratug síðustu aldar og kringum aldamótin styrkti póststrúktúralismi stöðu sína sem kenning í alþjóðasamskiptum þar sem hann þótti góður til að greina samtímapólitík, Evrópusamrunann, stríðið gegn hryðjuverkum og sjálfsmyndarsköpun ríkja. Póststrúktúralismi hefur því nýst vel til þess að greina samtímaatburði og orðræðu.<sup>19</sup>

Í grein sinni „Post-Theory: Ethics in International Relations“ útskýrir James Der Derian hvers vegna póststrúktúralismi á heima í alþjóðasamskiptum en hann telur hann mikilvægan og ómissandi þátt til að skilja síðnútímann, hann veitir okkur tækifæri til að vera í fullkomlega ófyrirséðum og afstæðum tímum á siðferðislegan hátt. Að lokum færir hann okkur aðferð sem ögrar og kannar löggildi.<sup>20</sup> Póststrúktúralismi skaffar okkur því tól og tæki til að takast á við nútímann og véfengja og afbyggja *normið* að mati Der Derian. Allt er umdeilanlegt (e. questionable) þegar kemur að póststrúktúralisma og byggist nálgun hans á tortryggni og löngun til þess að rannsaka valdatengsl og hvers vegna ákveðnum *sannleika* er haldið á lofti og ein orðræða skiptir meira máli en önnur.<sup>21</sup>

Nálgun póststrúktúralisma í alþjóðasamskiptum beinist að ríkjum og völdum í alþjóðakerfinu. Realísk nálgun, sem einkennt hefur alþjóðasamskipti í gegnum tíðina, gengur út á að skilgreina *raunveruleikann* á meðan póststrúktúralískar kenningar draga slíkan fyrirfram

---

<sup>17</sup> Trine Flockhart, 2012, 80

<sup>18</sup> Lene Hansen, 2012, 95

<sup>19</sup> Lene Hansen, 2012, 95

<sup>20</sup> James Der Derian, 1997, 55

<sup>21</sup> James Der Derian, 1997, 59

gefinn veruleika í efa. *Sannleikurinn*, sem birtist okkur hverju sinni, er því dreginn í efa og orðræðan, sem er ríkjandi hverju sinni, er sömuleiðis dregin í efa og afbyggð þar til samspil valds og orðræðu birtist og er skoðað ofan í kjölinn. Póststrúktúralískar kenningar í anda Foucault fjalla að miklu leyti um tungumálið, eins og ég hef gert grein fyrir hér á undan, og bregða ljósi á hvernig það virkar og hvernig völd og þekking felast í þeirri orðræðu sem er ríkjandi hverju sinni í samfélaginu. Orðræður hafa mismikið vægi innan samfélagsins og eru ólíkar orðræður ríkjandi innan einstaka stétta en pólitísk orðræða er ein þeirra sem er margræð og hefur ákveðna yfirburði í samfélaginu. Völd finnast víða og eru þræðir þeirra okkur að miklu leyti huldur og því er mikilvægt að skyggjast undir yfirborðið til að greina hvernig valdakerfin virka og þræðirnir fléttast. Með orðræðugreiningu er tungumálið grandskoðað út frá mörgum hliðum; mælandanum, áheyrendum, hagsmunaaðilum, áhrifum o.s.frv.

Póststrúktúralismi innan alþjóðasamskipta leitast við að skýra ríkjandi ástand og orðræðukenning er ekki eingöngu aðferð til að greina heldur mun stærri nálgun í alþjóðasamskiptum og utanríkisstefnu.<sup>22</sup> Póststrúktúralismi leitast einnig við að afbyggja og efast um fyrirfram gefin völd eða formgerð. Með því að afbyggja er realískt eðli raunhyggjunnar dregið í efa og afhjúpað. Eðlishyggja einstaklingsins er því dregin í efa og þá kemur í ljós að ríkið og utanríkisstefna þess er ekki byggð á eðli, heldur mótast m.a. af ríkjandi orðræðu.<sup>23</sup> Afbygging beinir sjónum að andstæðupörum samfélagsins og hvernig þeim er raðað samkvæmt yfirráðum annars þeirra, en til þess að öðlast merkingu eru þau háð hvort öðru.<sup>24</sup> Hið skynsama þarf á hinu óskynsama að halda til að fá merkingu, við þurfum á hinum að halda til að skapa okkur sjálfsmynd, andstæðupör fá því merkingu með andstæðu sinni.<sup>25</sup>

Samkvæmt póststrúktúralisma er þekking aldrei óskilyrt heldur ræðst hún af sögulegu og pólitísku samhengi hvers tíma. Ekkert eitt sjónarmið er hið rétta og sannleikurinn er

---

<sup>22</sup> Lene Hansen, 2012, 96

<sup>23</sup> Lene Hansen, 2012, 99

<sup>24</sup> Lene Hansen, 2012, 99

<sup>25</sup> Richard Devetak, 2009, 192

samkeppni um hvaða sjónarmið verður ofan á hverju sinni.<sup>26</sup> Til að koma *réttu* sjónarhorni á framfæri og berjast fyrir því er mikilvægt að hafa aðgang að þeim miðlum sem miðla *sannleikanum*. Þar hafa handhafar valdsins yfirhöndina. Það eru því þeir sem hafa einhverskonar völd og þar með aðgang að miðlum til að móta og miðla *sannleikanum* sem stjórná ríkjandi orðræðu hverju sinni.

Samkvæmt kenningum Nietzsche er ávallt um að ræða fleiri en eitt sjónarhorn sem keppast um að skýra út hinn *sanna raunveruleika* og hvert sjónarhorn er hlaðið margskonar gildum. Hugmyndin um „hina sönnu veröld“ (e. the real world) hefur síðan verið afnumin í hugmyndum Nietzsche og eftir stendur aðeins sjónarhornið – túlkun á túlkunum eða eins og Derrida tengir það *textatengslum* (e. textuality).<sup>27</sup>

Sjónarhornið er eina leið okkar til að átta okkur og reyna að skilja heiminn, óaðskiljanlegur og nauðsynlegur hluti þess að skapa veröldina og skilja hana. Það er ekkert eða enginn atburður undanskilinn ákveðnu sjónarhorni, frásögn eða upplifun einhvers. Hver segir frá atburðum, hvaða rödd er ríkjandi og hvaða áhrif hefur hún? Sumar raddir fá að heyrast og aðrar ekki og því hafa ríkjandi raddir – og orðræða – áhrif á veruleika okkar. Þær raddir sem fá að heyrast eru aldrei hlutlausar heldur koma á framfæri ákveðnu sjónarhorni sem verður því ríkjandi – og mögulega *rétt* eða *viðtekið*.

Sannleiksveldi má finna á Íslandi og er útrásin ágætis dæmi um hvernig stefna stjórnvalda, einstaklingar og stofnanir landsins, töluðu máli útrásarinnar og gerðu lítið úr allri þeirri gagnrýni sem kom fram. Þá var eðli einnig teflt fram sem skýringu á ástandi og þannig var ástandið gert *eðlilegt* og *náttúrulegt* og engar aðrar leiðir færar né skynsamlegar. Á fyrstu árum tuttugustu og fyrstu aldarinnar var útrás og þensla banka- og fjármálakerfisins sú orðræða sem var ráðandi í samfélaginu og úr varð víðfeðmt orðræðubúnt sem erfitt var að losna undan. Sannleiksveldi nýfrjálshyggjunnar var gríðarlega máttugt og varð *eðlilegt* á

---

<sup>26</sup> Richard Devetak, 2009, 186

<sup>27</sup> Richard Devetak, 2009, 186

endanum.<sup>28</sup> Hér var talað um allskyns hugtök sem fæstir vissu deili á en fæstir vildu viðurkenna það. Hverju er haldið á lofti og hvað er látið gleymast er afar mikilvægt. Hverjir fá aðgang að þeim miðlum til að geta miðlað þeirri sögu sem hentar er einnig mikilvægt að átta sig á.

### 2.1.2 Sjálfsmyndarsköpun þjóða – öðrun

Í kaflanum á undan var fjallað um andstæðupör og hlutverk þeirra í póststrúktúralískum kenningum. Hér verður farið nokkuð ítarlegar í hlutverk andstæðuparanna þegar kemur að sjálfsmyndarsköpun. Kenningar Stuart Hall um öðrun (e. othering) ganga út frá hugmyndum um mótun sjálfsmyndar og hvernig við skilgreinum okkur út frá öðrum. Um ferli er að ræða, þar sem á sér stað ákveðin *öðrun*, sem grundvallast á því að greinarmunur er gerður á *okkur* og *hinum*. Þar með verða til ákveðnar staðalímyndir (e. stereotypes) sem viðhalda félagslegri reglu og verða að tiltekinni orðræðuhefð með viðtekningu. Með þessu verða mörkin á milli *okkar* og *hinna* táknræn og byggja á því að ákveðinn munur sé á *okkur* og *þeim*. Samkvæmt Stuart Hall verða slíkar staðalímyndir oftast ekki til í skjóli valdsins og táknmyndum sem verða til er viðhaldið innan orðræðunnar. Það skapast því oft valdaójafnvægi sem um er að ræða ímyndir sem verða til í skjóli valdsins á kostnað undirokaðra hópa.<sup>29</sup> Þessar hugmyndir Hall kallast á við hugmyndir frönsku fræðikonunnar Hélène Cixous um andstæðupör. Hún var með þeim fyrstu til að rýna í þau og skoða tignarröðun þeirra en hið rökvísa kerfi sem byggir á þessum andstæðupörum er hluti af vestrænu samfélagi og kerfi samkvæmt Cixous.<sup>30</sup> Valdaójafnvægið á sér stað þar sem staða andstæðuparanna í kerfinu er ekki jöfn; karl og kona, við og hinir, miðjan og jaðarinn, við tilheyrum ákveðnum hópi sem við samsömum okkur og svo eru það *hinir* sem tilheyra honum ekki og eru útilokaðir. Sjálfsmyndin byggir iðulega á því sem við erum *ekki*. Þetta er oft greinilegt í þeirri sjálfsmynd sem birtist af Íslandi; Ísland er ekki stórt, ekki hervætt ríki, ekki í ESB, ekki háð neinum og svo framvegis.

---

<sup>28</sup> Bjarki Valtýsson, 2011, 22

<sup>29</sup> Stuart Hall, 1997, 258

<sup>30</sup> Michael Foucault, 2005, 37

Samkvæmt póstrúktúralískum kenningum er sjálfsmynd ríkis ætíð mótuð en ekki náttúrulega sköpuð. Nokkrir þættir hafa áhrif á mótun sjálfsmyndar ríkisins t.a.m. innan- og utanríkisstaða, hvað er að gerast í innanríkismálum og staða þess í alþjóðakerfinu. Samkvæmt Lene Hansen byggist sjálfsmynd ríkja á hegðun þeirra og þar með orðræðu valdhafanna. Í gegnum orðræðuna verður utanríkisstefna ríkja til, fyrirætlarnir birtast í orðræðunni þó svo að þær séu ekki endilega til umfjöllunar eða það sé ætlunin.<sup>31</sup> Sjálfsmynd stórra og smárra ríkja er iðulega ólík vegna ólíkrar stöðu þeirra og getu í alþjóðakerfinu. Sjálfsmynd er hugmyndin um stöðu – í þessu tilfalli ríkis – í alþjóðakerfinu, í sambandi við önnur ríki og þegna ríkisins. Skilningur á sjálfinu er alltaf tengt *hinum* – við erum það sem hinir eru ekki – sjálfsmyndin er því stöðugt í þróun og endursköpun, meðal annars í gegnum ríkjandi orðræðu hverju sinni.<sup>32</sup> Valdhafar ríkisins hafa því mikið að segja þegar kemur að sjálfsmynd þess, ýmist með því að skapa og viðhalda ákveðinni sjálfsmynd í orðræðu sinni.

## 2.2 Þjóð og þjóðernisstefna

*The aura of nationhood always operates within contexts of power.*<sup>33</sup>

### Náttúruleg eða sköpuð þjóð

Skilgreining á *þjóð* (e. nation) og *þjóðernisstefnu* (e. nationalism) hefur verið svolítið á reiki og eru fræðimenn ekki endilega sammála um skilgreiningu á þessum hugtökum. Flestir eru þeir þó sammála um að þjóðernisstefna, sem pólitískt fyrirbæri í nútímaskilningi, hafi orðið til á síðari hluta 18. aldar.<sup>34</sup> Franska byltingin og þau átök sem urðu í henni um uppsprettu fullveldis eru talin hafa átt hvað mestan þátt í að þjóðernisstefnan varð til.<sup>35</sup> Þjóðernisstefna hefur haft gríðarmikil áhrif á vitund fólks síðustu aldir og hefur sagnfræðingurinn Hans Kohn

---

<sup>31</sup> Lene Hansen, 2012, 101

<sup>32</sup> Lene Hansen, 2012, 85

<sup>33</sup> Michael Billig, 1995, 4

<sup>34</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 22

<sup>35</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 26



bent á að hún flétti saman stjórnmalavitund, félagslega vitund og einstaklingsvitund fólks, þannig upplifi fólk sig í miklum tengslum og gegnir ákveðnum skyldum við þjóðríkið.<sup>36</sup>

Félagsfræðingurinn Anthony Giddens greinir frá hvernig þjóðernisstefna getur haft mótandi áhrif á einstaklinginn og sjálfsmynd hans: „Þjóðernishyggju má skilgreina sem kerfi tákna og trúarsetninga sem í sameiningu gefa mannum þá tilfinningu að hann sé hluti af einu pólitísku samfélagi.“<sup>37</sup> Þessi tákni og trúarsetningar skapa þjóðinni svo sjálfsmynd sem verður ómeðvituð og eilíf. Það að tilheyra sjálfstæðri þjóð verður stór hluti af sjálfsmynd fólks.<sup>38</sup>

Helstu kennismiðir tala um tvær hefðir evrópskrar þjóðernisstefnu en það sem aðgreinir þær eru ólík viðhorf til uppruna þjóðernisvitundar. Fyrri hefðin er kennd við „móðernisma“ og er líka nefnd *borgaraleg þjóðernisstefna* og gengur út á að þjóð og þjóðerni séu fylgífiskar nútímans og hafnar því að þjóðerni sé aldagamalt og eðlislægt fyrirbæri. Síðari hefðin nefnist „eðnisismi“ eða „perennialismi“, en samkvæmt Guðmundi Hálfðánarsyni hafa þessi hugtök ekki verið þýdd svo vel fari.<sup>39</sup> Síðari hefðin, sú „eðniska“ gengur út á að þjóðernisvitund sé einhverskonar samkennd, sem hefur einkennt samfélög um aldir og tengist náttúrulegum lífrænum böndum.<sup>40</sup>

Þýski heimspekingurinn Johann Gottfried Herder var einn af þeim sem aðhylltist hefðina að þjóðin væri lífræn heild og gædd sameiginlegri þjóðarsál. Hugmyndir Herders urðu að hornsteini þjóðernisgoðsagna, sem byggðu á hugmyndum um gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisnartímabil. Á gullöld lifðu þjóðir í samræmi við sitt sanna eðli, sjálfstæðar og sterkar. Niðurlægingartímabilið einkenndist iðulega af erlendum yfirráðum, sem leiddu af sér einhverskonar hnignun og upplausn, en á endurreisnartímanum vöknudu þjóðirnar aftur,

---

<sup>36</sup> Hans Kohn, *Nationalism*, 1982 9

<sup>37</sup> Anthony Giddens, *Sociology*, 1989, 303

<sup>38</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 23

<sup>39</sup> Guðmundur Hálfðánarson, 2007, 26

<sup>40</sup> Anthony D. Smith, 1991, 8-15

hreinsuðust af erlendu áhrifunum og urðu aftur þær sjálfar.<sup>41</sup> Tungumálið var afar mikilvægt í hugmyndum Herders en að hans mati var þjóð hópur manna sem talaði sama tungumálið og birtist hið sanna þjóðareðli í tungumálinu, sem geymdi hina sameiginlegu reynslu þjóðarinnar.<sup>42</sup> Tungumálið tengdi því einstaklinginn ekki aðeins við þjóð sína heldur einnig forfeður sína.<sup>43</sup>

Því hefur verið haldið fram að þáttur þjóðernissinnaðra menntamanna hafi gegnt stóru hlutverki við uppbyggingu smærri þjóða í Evrópu á 19. öld. Fræðimaðurinn John Hutchinson telur að þessa menntamenn eigi frekar að skoða sem höfunda pólitískra goðsagna frekar en sem vísindamenn, því hlutverk þeirra hafi verið að skapa nothæfa sjálfsmynd með því að umskrifa þjóðarsöguna. Markmið þeirra hafi verið að sýna fram á náttúrulega hæfileika þjóða til að mynda nútímaþjóðríki. Með rannsóknum sínum sköpuðu þeir þjóðernisgoðsagnir, en félagsfræðingurinn Anthony Smith skilgreinir hugtakið á þann hátt, að með þjóðernisgoðsögnum sé fortíðin endursköpuð með það pólitíska markmið í huga að verða fyrirmynd fyrir framtíðina en ekki með fræðilegt markmið að leiðarljósi. Fræðimenn 19. og 20. aldar skrifuðu fræðirit þar sem heimildirnar voru sniðnar að pólitískum markmiðum samtímans, sem var m.a. að skapa þjóðernisvitund.<sup>44</sup>

Herder áleit að val einstaklinga að tilheyra einni og sömu þjóðinni grundvallaðist á trú þeirra á sameiginlegar minningar og þjóðarsögu, sem skapaði tilfinningu meðal þeirra um sameiginlega fortíð og örlög. Þjóðarsöguna taldi hann vissan tilbúning og fegrun á sögunni, sem einkenndist fremur af deilum og sundrung en samfellu sameiginlegra sigra. Það þarf einhver að koma og vekja eld í brjóstum manna og það er iðulega gert með því að höfða til þess sem sameinar og vísar til sameiginlegrar fortíðar og örlaga – stundum er það hin niðurlægjandi kúgun eða glæstir sigrar, það sem hentar hverju sinni til að blása í glæðurnar.<sup>45</sup> Hin eðlislæga þjóðernisvitund er tilfinningalegs eðlis að mati Guðmundar Hálfðanarsonar.

---

<sup>41</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 26-27

<sup>42</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 25

<sup>43</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 36

<sup>44</sup> John Hutchinson, 1994, 44-45

<sup>45</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 33

„Móðerníska“ hefðin, eða sú borgaralega, er gjarnan kennd við franska trúarbragðafræðinginn Ernest Renan. Í frægum fyrirlestri sínum við Sorbonne árið 1882 fjallar hann um að þjóðir séu frekar sögulega skapaðar en eðlislægar og byggir á sameiginlegum vilja einstaklinganna til að mynda þjóð. Renan orðar þetta á eftirfarandi hátt í fyrirlestri sínum að: „líf þjóðar sé ... dagleg atkvæðagreiðsla“.<sup>46</sup> Að mati Renan er val einstaklinga til að mynda þjóð ekki háð tilviljunum heldur byggir á samkennd sem má rekja til sameiginlegra minninga einstaklinganna sem mynda þjóðina. *Þjóðarsagan* gerir það að verkum að fólki finnst það eiga sömu fortíð og örlög og stendur því saman í nútímanum. Gleymiskan er þó mikilvæg fyrir þjóðarsöguna því líkt og samtíminn einkennist fortíðin af innbyrðis deilum sem við kjósum að horfa fram hjá þegar við lítum til baka. Atkvæðagreiðslan er því hluti af sköpun og endurnýjun sjálfsmyndar okkar, við erum sífellt að kjósa um hverju við ætlum að halda á lofti og hverju við ætlum að gleyma. Hvað hentar hverju sinni.

Sameiginlega minningarnar gegna því hlutverki að sameina þjóðina, tengja saman nútíð og fortíð og búa til samfellda sögu þar sem ljóst verður hverjir tilheyra í raun þjóðinni.<sup>47</sup> Með því að halda sögunni og minningunum á lofti, í gegnum bækur, námsbækur, orðræðuna, man þjóðin söguna og tengir við fortíðina og forfeður sína og því verður til sameiginlegt minni sem sameinar ólíka einstaklinga í einn hóp eða eina þjóð.

Það eru þó ekki allar minningar til þess fallnar að ýta undir samstöðu þjóðar. Þjóðarsagan getur aldrei orðið einfalt safn minninga og eigi hún að sameina þjóðina verður að úthýsa hlutum úr fortíðinni sem ýta undir sundrung og ósætti. Sagan er því „vandlega snyrt í því skyni að sannfæra borgarana um að kjósa „rétt“ í hinni daglegu atkvæðagreiðslu“ segir Guðmundur Hálfðanarson.<sup>48</sup> Þetta tengist einnig þeirri orðræðu sem verður fyrir valinu, hver segir söguna og hvernig, hvað viljum við að verði ofaná og hverju er best að sópa undir teppið. Áhrif stjórn mála- og fræðimanna geta því verið mikil á þjóðarsöguna, hverju er haldið á lofti og hverju skal gleyma. Sögubækur kynslóða á Íslandi voru skrifaðar af Jónasi frá Hriflu

---

<sup>46</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 18

<sup>47</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 174.

<sup>48</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 179

og ólust kynslóðir upp við eina „réttu“ söguskoðun. Guðmundur Hálfðanarson telur að þegar þjóðarsagan er mótuð, sé það oftast en ekki eftir geðþótta þess sem stjórnar því hvaða minningar verða fyrir valinu og séu þá þarfir ákveðinna hópa settar í forgang fram yfir aðra.<sup>49</sup>

*Sjálfsmynd Íslendinga er undir sterkum áhrifum frá hinni opinberu sköpunarsögu íslenska þjóðríkisins. Við höfum vanist því að líta á upphaf sjálfstæðisbaráttunnar sem vakningu þjóðarinnar af aldalöngum svefni undir óskoraðri forystu frjálslyndra menntamanna. Þegar betur er að gáð er einingarsaga sjálfstæðisbaráttunnar ekki síst pólitísk goðsögn.<sup>50</sup>*

Valdhafar samfélagsins hafa því áhrif á hvaða vali við stöndum frammi fyrir sem þjóð eða hvaða áherslur við setjum okkur. Í *Íslenska þjóðríkinu* kemur fram hjá Guðmundi Hálfðanarsyni að sjálfsmyndarsköpun okkar sé frekar byggð á pólitík en öðru.

### **2.2.1 Hinn sanni Íslendingur<sup>51</sup>**

Í doktorsriti Sigríðar Matthíasdóttur, *Hinn sanni Íslendingur* skoðar hún sjálfsmyndarsköpun Íslendinga á tímabilinu 1900-1930, en á þeim árum átti sér stað hugmyndafræðileg barátta um gerð íslenska þjóðríkisins og stöðu einstaklinganna innan þess. Endurmótun og endurskilgreining á íslenskum þjóðernishugmyndum átti sér stað á þessum tíma og voru fyrri hugmyndir um þjóðina og þjóðríkið festar í sessi og settar í heildstæðara hugmyndakerfi en áður þekktist. Sagnfræðingurinn Jón Aðils hafði sérstöku hlutverki að gegna með alþýðufyrirlesturum sínum, þar sem hann renndi stoðum undir hugmyndir um þjóðernisgoðsagnir og setti fram þjóðernislega sjálfsmynd þjóðarinnar. Hugmyndirnar byggðu m.a. á því að þjóðin var skilgreind út frá tungumálinu og sem lífræn heild. Mikil áhersla var lögð á hið *sérstaka* og *einstaka eðli* Íslendinga, sem sameinaði þá og aðgreindi þá jafnframt

---

<sup>49</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2006, 98

<sup>50</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2007, 41-42

<sup>51</sup> Doktorsrit Sigríðar Matthíasdóttur, 2004. *Hinn sanni Íslendingur*.

frá öðrum.<sup>52</sup>

Goðsögnin um hina þjóðlegu gullöld var gerð að fyrirmynd þessa nútímaþjóðríkis sem átti að rísa á Íslandi. Börnum jafnt sem fullorðnum var gert að setja þjóðleg gildi í fyrsta sæti og voru barnablöð á fyrri hluta 20. aldar uppfyll af þjóðernislegum hugmyndum til að ala æsku landsins á.<sup>53</sup> Sigríður bendir á að: „Almenningur í landinu virðist hafa drukkið boðskapinn í sig en sjálfsmynd þessi varð að miklu leyti hafin yfir allar almennar þjóðfélagsdeilur og varð að óskráðum lögum í opinberri þjóðfélagsorðræðu á Íslandi.“<sup>54</sup> Höfundar þjóðernisgoðsagnarinnar settu nútímalegar pólitískar hugmyndir, sem voru að koma fram á þessum tíma, saman við þá *eðliseiginleika* sem höfðu einkennt þjóðina á gullaldartíma hennar. Þannig voru nútímalegar pólitískar hugsjónir á borð við: einstaklingshyggju, skynsemi og lýðræði settar fram sem *eðliseiginleikar* þjóðarinnar sem átti að endurvekja og endurreisa í nútímaþjóðríkinu. Á gullaldartímanum hafði íslenska þjóðin verið:

*Náttúrulegur fulltrúi stjórnmalahugsjóna nútímans, frelsisþrár, skynsemi og jafnréttishugmynda, auk andlegra yfirburða. Þetta þjóðarsjálfi töldu sagnfræðingar og menntamenn hafa vaknað upp af aldalöngum dvala með þjóðernishreyfingu 19. og 20. aldar. Sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar var þannig mótuð sem eins konar frummynd af hugsjónum einstaklingshyggjunnar og skilgreind með það að markmiði að bera uppi hugsjónina um sjálfstætt þjóðríki í nútímalegum, vestrænum skilningi.<sup>55</sup>*

Mikil áhersla var lögð á yfirburðahæfileika á sviði pólitíkur og menningar í þessari þjóðernisgoðsögn en mikilvægust var talin eðlislæg þörf fyrir að hafa sjálfstæði og fullveldi.

Sigríður komst m.a. að þeirri niðurstöðu að sú sjálfsmynd sem þjóðernisorðræðan boðaði, átti

---

<sup>52</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 359

<sup>53</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 359

<sup>54</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 359-360

<sup>55</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 360

einungis við um hinn borgaralega karlmann en ekki aðra þjóðfélagshópa. Sá hópur var sá eini sem fékk þjóðernislega og fullkomna nútímalega sjálfsmynd og var aldrei ætlað að samræmast því hefðbundna sveitasamfélagi sem hér ríkti. Þrátt fyrir að íslensk alþýða væri hafin upp var hún alltaf skör neðar í valdastiganum og bændasamfélagið átti að vera einskonar uppeldisstöð fyrir íslensk gildi, sem ekki næðu fullkomnum þroska þar. „Sjálfsmynd þessa fámenna valdahóps, sem þjóðernisorðræðan boðaði var þannig sjálfsmynd vestrænnar einstaklingshyggju, sem borgaralegt þjóðríki byggist á segir Sigríður.<sup>56</sup>

Sjálfsmynd þjóðar virðist einnig byggja á alþjóðlegri athygli og viðurkenningu. Það er sífellt verið að sækjast eftir henni og þannig hefur það verið í gegnum tíðina. Sigríður Matthíasdóttir fjallar um hvernig orðræðan á Íslandi var í kringum Alþingishátíðina á Þingvöllum 1930 en: „Meginmarkmiðið með hátíðinni virðist hafa verið að festa Ísland í sessi sem vestrænt þjóðríki og sýna fram á að þjóðin stæði undir nafni á þeim vettvangi.“ (162) Alþingishátíðin varð í hugum manna *alþjóðahátíð* eins og Tryggvi Þórhallson forsætisráðherra orðaði það.<sup>57</sup> Við viljum vera hluti af hinum – við viljum fá að tilheyra og komast af jaðrinum inn að miðju. Hin sameiginlega fortíð þjóðarinnar eða hin sameiginlegu *örlög* hennar eins og Smith talar um, lýsa vel því sem bindur þjóðina saman.<sup>58</sup>

Menningararfurinn gegnir viðamiklu hlutverki og samkvæmt Laurajane Smith er hann endurtekið notaður til að móta sjálfsmynd fólks eða hópa. Sjálfsmynd og söguvitund mótast með hinum einstaka menningararfi sem allir, sem tilheyra þjóðinni, eiga saman.<sup>59</sup> Samkvæmt Laurajane Smith er hinn sameiginlegi menningararfur í raun og veru ekki til, eða hafi ekki verið til í fortíðinni, heldur sé hann mótaður af ríkjandi valdhöfum, eða hagsmunahópum, og segi í raun meira um samtímann en fortíðina.

---

<sup>56</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 363

<sup>57</sup> Magnús Jónsson, 1943, 155

<sup>58</sup> Anthony Smith, 1991, 30

<sup>59</sup> Laurajane Smith, 2006, 11: „*that heritage is not a thing with defined meanings and values, but an 'inherently political and discordant' practice that performs the cultural 'work' of the present. It can be utilized by different interest-groups and individuals for different purposes and with varying degrees of hegemony and legitimacy. It tells us more about the present, in other words, than the past.*“

Til að sjá hvernig þjóðernishyggju er stöðugt viðhaldið og birtist okkur í samfélaginu skulum við líta til kenninga Michael Billig um hina *hversdagslegu þjóðernishyggju*.

### 2.2.2 Hversdagsleg þjóðernishyggja

Þjóðernisgoðsagnir og ýmis tákni gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda þjóðareiningu. Þessi tákni undirstrika hinn sameiginlega grundvöll, samkenndina og viðhalda þjóðarsögunni. Þjóðsöngur, þjóðfánar og minnismerki margskonar, eru dæmi um slík tákni en öllu hversdagslegri hlutir geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í að viðhalda og endurskapa þjóðernishyggju. Michael Billig fjallar um að hið hversdagslega, sem við erum ónæg fyrir, líkt og íþrótt- og veðurfréttir, geti haft þjóðernislegar skírskotanir. Þessir hlutir og athafnir, sem við tengjum ekki þjóðerniskennd, kallar hann *hversdagslega þjóðernisstefnu* (e. banal nationalism) og getur þessi stefna átt stóran þátt í að viðhalda og styrkja þjóðerniskennd í sessi.<sup>60</sup> Gott dæmi um slíkt má finna í íþróttakappleikjum eða öðrum sambærilegum vettvangi, þar sem þjóðir etja kappi hver við aðra.<sup>61</sup> Billig fjallar um að þjóðerninu sé stöðugt flaggað og þannig erum við reglulega, á afar hversdagslegan hátt, en ekki alveg ómeðvitað, minnt á þjóðerni okkar. „Birtingarmynd hversdagslegrar þjóðernisstefnu er ekki fáni, sem veifað er af ástríðu; heldur er það fáninn sem blaktir á opinberri byggingu, án þess að honum sé gefinn gaumur.“<sup>62</sup> Tákni og hlutir sem við sjáum eða sýslum með reglulega, eins og peningar og frímerki, tákni sem eru allsstaðar án þess við veitum því sérstaka athygli. Samkvæmt Billig eru þjóðtáknin hluti af sameiginlegum bakgrunni okkar og staðfesta þjóðerni okkar og styrkja grunn að tilveru þjóðarinnar og stuðla að reglulegri endursköpun hennar.<sup>63</sup>

---

<sup>60</sup> Michael Billig, 1995, 4-6

<sup>61</sup> Gott dæmi um þetta er t.d. fótboltaleikur Íslands og Króatíu 2013 þar sem Ísland átti möguleika á að komast á HM í fótbolta. Annað dæmi er velgengni íslenska handboltalandsliðsins á ólympíuleikunum 2008 þar sem þeir unnu silfurverðlaun og voru hylltir eins og þjóðhetjur. Einnig er Eurovision gott dæmi um hversdaglega þjóðernisstefnu.

<sup>62</sup> Michael Billig, 1995, 8

<sup>63</sup> Michael Billig, 1995, 5-6, 86

Orðræðan skiptir hér miklu máli og þeir sem henni ráða, sjálfsmynd þjóðar er mótuð, sameiginleg tákn, stöðug áminning um fortíðina og hið sameiginlega sem gerir okkur að þjóð. Þessum hugmyndum er haldið á lofti á erlendum vettvangi og ýtt undir sérstöðu okkar. Billig veltir því upp hvað það sé sem fær fólk til að halda fast í þjóðerni sitt á okkar dögum, hvers vegna skiptir það svona miklu máli. Fólk er stöðugt minnt á þjóðerni sitt og sjálfsmynd þeirra er samofin sjálfsmynd þjóðar, og er stöðugt minnt á þjóðerni sitt í tungumálinu og öðrum daglegum táknum.

Það eru þó ekki eingöngu hin hversdagslegu þjóðartákn sem viðhalda rótgrónum hugmyndum okkar, því hlutverk tungumálsins er einnig mikilvægt. Tungumálið á mjög stóran þátt í því að ala á þjóðernishyggjuni og gefur okkur stöðuga áminningu um föðurlandið og þjóðlega sjálfsmynd okkar án þess að við tökum eftir því. Billig beinir athyglinni að smáorðum frekar en stórum orðum en þau eru mikilvæg í því samhengi sem þau birtast og tekur hann sem dæmi orðin: *við*, *hér*, *lýður* og *samfélag* og skoðar þau út frá því.<sup>64</sup> Orðræðan er afar mikilvæg að þessu leyti og þá einnig handhafar hennar, Billig skoðar þátt stjórnámálanna og fjölmiðla í endursköpun og viðhaldi þjóðernishyggju og hvernig hún birtist okkur í tungumálinu. Hann telur ráðamenn leika stórt hlutverk þegar kemur að hversdagslegri þjóðernishyggju í krafti áhrifa þeirra í samfélaginu og hversu greiðan aðgang þeir hafa að fjölmiðlum vegna félagslegrar stöðu sinnar.<sup>65</sup> Ráðamenn í dag eru einskonar stjörnur (e. celebrities) og fá gríðarmikla athygli, við þekkjum andlit þeirra, þeir eru kunnuglegir og orð þeirra fá að heyrast í fjölmiðlum sem er ólíkt því sem eitt sinn var. Áður fyrr voru ráðamenn, stjórnámálamaður og framámenn í þjóðfélaginu ekki þjóðkunnar persónur, sem höfðu greiðan aðgang að almenningi, heldur fengu þeir athygli lítils og afmarkaðs hóps í samfélaginu. Í fjölmiðlum tala ráðamenn ekki aðeins til þjóðarinnar, heldur einnig fyrir hana og hagsmuni hennar:

*Stjórnámálamaður búa ekki einungis í ásýðni landsins; heldur eru þeir fulltrúar sjálfrar þjóðarinnar. Í samræðum við ímyndaða áheyrendur þjóðarinnar,*

---

<sup>64</sup> Michael Billig, 1995, 94

<sup>65</sup> Michael Billig, 1995, 96



*sveipaðir spariklæðum mælskulistarinnar halda þeir spegli að þjóðinni svo hún geti dáðst að sjálfri sér.*<sup>66</sup>

Með því að vísa stöðugt í *okkur* sem þjóð og staðsetja okkur innan föðurlandsins, minna þeir okkur á hver við erum og hvar við erum stödd, innan landsins og innan heimsins. Föðurlandið verður viðmiðið, sem gengið er út frá og fjölmiðlar miðla þessu efni og ýta undir tvískiptingu heimsins; *föðurlandið* og *útlönd*, sem birtist okkur í aðskilnaði og ólíku vægi innlendra og erlendra fréttu. Við og hinir verður til þess að við skilgreinum okkur útfrá hinum – *við* erum sýnd sem hið æskilega, á meðan *hinir* verða frávikðið, heimssýn okkar einkennist af þessari tvíhyggju. Allt sem kemur að utan verður framandi og ógnandi á meðan föðurlandið er hið æskilega viðmið. Hin þjóðlega sjálfsmynd okkar.

Þörfin fyrir að vera viðurkennt ríki á meðal ríkja er mikil, að tilheyra heildinni og komast af jaðrinum, er sterkt minni í sjálfsmyndarsköpun þjóða. Það þarf hefðbundin tákni á borð við þjóðfána og þjóðsöng til að öðlast viðurkenningu annarra þjóða. Við erum hluti af hópnum með þessum hætti en um leið erum við sérstök og einstök.<sup>67</sup> Þjóðernishyggja beinist því bæði að því að vera frábrugðinn eða sérstakur, en um leið altækur (e. particular and universal). Við viljum eiga hlutdeild í hópnum en um leið minna á sérstöðu okkar. Þjóðernishyggja er þannig bæði innlend og alþjóðleg í þessum skilningi.<sup>68</sup> Gildum *okkar* er haldið á lofti á alþjóðlegum vettvangi og hagsmunir *okkar* verða hagsmunir allra sem eru innan hópsins.

Hin frægu orð Ernest Renan, um að það sem gerði þjóð að þjóð væri *dagleg atkvæðagreiðsla* á enn við að mati Billig. Þjóðin er í stöðugri endursköpun með þátttöku sinni í þjóðlífinu og öllu sem því fylgir, stuðlar að notkun á þjóðlegum táknum, og heldur þannig þjóðerniskenndinni á lofti.<sup>69</sup>

---

<sup>66</sup> Michael Billig, 1995, 98: „*Politicians not only live in the eye of the country, but they represent the nation to itself. In addressing the imagined national audience. They dress it in rhetorical finery and, then, these speakers-as-outfitter hold a mirror so the nation can admire itself.*“

<sup>67</sup> Michael Billig, 1995, 86-87

<sup>68</sup> Michael Billig, 1995, 88

<sup>69</sup> Michael Billig, 1995, 95

Kenningar Billig varpa ljósi á hvernig þjóðernishyggjan birtist okkur daglega í venjubundnu hversdagslífinu og varpa ljósi á hvernig ráðamenn og fjölmiðlar eiga þátt í að viðhalda og endurskapa hana. Þjóðernishyggjan birtist þannig sem hluti af okkur (föðurlandsást), en ekki sem öfgafull stefna, sem er frekar tengd við hægri öfl og sjálfstæðisbaráttu nýrra þjóða, (þjóðernisstefna).<sup>70</sup> Birtingarmynd hennar eru venjubundnir hlutir og atvik, sem við þekkjum vel úr hinu daglega lífi og verður því svo áreynslulaus og samofin að við áttum okkur ekki endilega í því hvernig hún er hluti af endursköpun þjóðarinnar og á þátt í því að viðhalda ákveðinni heimssýn sem byggir á því að heiminum er skipt upp í ólíkar þjóðir í *við* og *hina*.<sup>71</sup>

### 2.3 Smárikjakenningar

Þar sem Ísland er smáriki, er forvitnilegt að líta til smárikjakenninga, til að glöggva sig á stöðu þess út frá þeim og átta sig á þeim áhrifum sem einstaklingar geta haft í smárikjum. Smárikjafræði (e. *small states studies*) leggja grunn að rannsóknum á smárikjum út frá stöðu þeirra í alþjóðakerfinu og smárikjakenningar skoða hegðun og eiginleika, styrkleika og veikleika þeirra í alþjóðakerfinu. Samkvæmt fræðunum geta einstaklingar í smárikjum haft mun meiri áhrif en þeir geta haft í stærri ríkjum. Raddir einstaklinga í smárikjum geta náð betur í gegn bæði á alþjóðavettvangi og heima fyrir og þá sérstaklega raddir valdhafa í smárikjum. Það hefur reynst fræðimönnum nokkuð snúið að ákveða hvernig skal skilgreina smáriki og hefur ekki náðst samkomulag um eina rétta skilgreiningu. Það eru því margar og ólíkar breytur notaðar til þess að leitast við að skilgreina smáriki.<sup>72</sup>

---

<sup>70</sup> Þjóðernishyggja (e. nationalism) er frekar tengd þjóðum sem berjast fyrir sjálfstæði sínu en innan gamalgróinna ríkja og í dag tengjum við það frekar við framandi ríki – *hina* – en hinu vestrænu ríki, þar hefur orðið föðurlandsást (e. patriotism) miklu jákvæðara yfirbragð.

<sup>71</sup> Michael Billig

<sup>72</sup> Jeanne A. K. Hey, 2003, 1-2

Fræðimenn á sviði smárikja hafa verið að nýta sér aðrar breytur en þær hefðbundnu og mælanlegu, sem jafnan er stuðst við þegar stærð ríkja er mæld. Hefðbundnar breytur á borð við stærð landssvæðis, fólksfjölda, landsframleiðslu, hernaðarmátt og efnahagslega stöðu landsins hafa fengið að víkja fyrir óhefðbundnari breytum. Baldur Þórhallsson bendir á mikilvægi huglægra breyta þegar meta á hvort ríki teljist til smárikja eða ekki. Í hinum alþjóðavædda heimi er ekki lengur nóg að taka mið af hernaðargetu og þeirra hefðbundnu mælikvarða sem stuðst hefur verið við fram að þessu. Atriði líkt og efnahagleg samvinna ríkja, góð stjórnábyrging, innanríkisstjórnarmál og diplómátt geta ríkis, eru dæmi um breytur sem skipta máli. Einnig þarf að horfa til fleiri huglægra þátta svo sem hver stefna stjórnábyrginga er á alþjóðavettvangi.<sup>73</sup> Smáríki hafa ákveðna stöðu í alþjóðakerfinu og njóta þar virðingar, þau gegna valdamiklum stöðum í tengslum við ESB sem er róterað og því geta smáríki myndað samstöðublokkir og þannig orðið áhrifamikil heild.<sup>74</sup> Smáríki þarf því ekki að þýða varnarlaust eða viðkvæmt ríki, enda er öryggi þeirra tryggt með aðild að ESB og NATO, þar sem þau hafa tækifæri til að hafa áhrif, rétt eins og stærri ríkin. Landfræðileg stærð ríkja er því ekki eini mælikvarðinn á áhrifamátt þeirra í alþjóðakerfinu.

Gerendur í alþjóðakerfinu eru m.a. ríki og alþjóðastofnanir, hryðjuverkasamtök, stórfyrirtæki, matsfyrirtæki og einstaklingar. Samkvæmt kenningum um smáríki geta einstaklingar haft mun meiri áhrif þegar kemur að utanríkismálum þeirra en einstaklingar í stærri ríkjum.<sup>75</sup> Þetta á sérstaklega við um lítið þróuð smáríki þar sem innri gerð samfélagsins er veikburða og því auðvelt að hafa áhrif eða verða fyrir áhrifum. Þetta má þó einnig heimfæra á vestræn smáríki og er Lúxemborg sérstaklega nefnt sem gott dæmi um smáríki með sterka stöðu á alþjóðavettvangi, sem eitt af stofnríkjum ESB. Jean Claude Juncker, sem sat í forsætisráðherrastóli í Lúxemborg 1995-2013 er dæmi um afar sterkan leiðtoga með diplómátt færi og er þekktur á alþjóðavettvangi.<sup>76</sup> Sterkir einstaklingar í smárikjum hafa tækifæri til þess að gera sig gildandi og hafa mótandi áhrif á utanríkisstefnu ríkisins, sérstaklega ef þeir búa yfir reynslu og diplómáttum hæfileikum.

---

<sup>73</sup> Baldur Þórhallsson, 2000, 1-2

<sup>74</sup> Jeanne A. K. Hey, 2003, 1

<sup>75</sup> Jeanne A. K. Hey, 2003, 193

<sup>76</sup> Jeanne A. K. Hey, 2003, 90-91

Í þessum kafla hefur verið gert grein fyrir þeim kenningum sem stuðst er við í rannsókninni. Þetta eru nokkuð ólíkar kenningar en eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á tungumálið og orðræðu. Póststrúktúralískar kenningar í anda Foucault snúast um að rýna í orðræðuna til að koma auga á hulda þræði valdsins í ríkjandi orðræðu. Í kenningum um þjóðernisstefnu hefur ríkjandi orðræða áhrif á hvernig sjálfsmynd þjóðar mótast og í kenningum um smáríki er sjónum beint að þeim áhrifum sem einstaklingar geta haft innan smáríkja og er orðræðan einn lykillþáttur. Í næsta kafla verður farið yfir aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar.

### 3 Aðferðafræði og úrvinnsla

Í þessum kafla verður byrjað á því að fjalla um tilgang og markmið rannsóknarinnar. Útskýrðar verða þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru, framkvæmd þeirra, gagnaöflun og gerð verður grein fyrir réttmæti og áhættumati rannsóknarinnar.

#### 3.1 Rannsóknin

##### Tilgangur og framlag til fræðasviðs

Eins og fram kemur í inngangi þessarar ritgerðar, er tilgangur hennar að varpa ljósi á þá orðræðu, sem hefur verið ríkjandi hjá forseta Íslands á erlendum vettvangi. Ólafur Ragnar Grímsson er fyrsti stjórnmalamaðurinn sem gegnir þessu embætti og hefur setið lengst allra forseta lýðveldisins. Frá upphafi hefur hann verið umdeildur og nokkuð ljóst að hann ætlaði að breyta embættinu töluvert og gera það pólitískara í sinni tíð. Á útrásartímanum var hann afar áberandi og talaði máli viðskiptajöfra og greiddi götur þeirra á margvíslegan hátt. Í rannsóknarskýrslu Alþingis frá 2010, sem skrifuð var um hrúnið, er heill kafli um hlutverk forsetans, það gagnrýnt og lagt til að embættinu verði breytt og það endurskilgreint í ljósi framgöngu Ólafs Ragnars Grímssonar á útrásartímabilinu.<sup>77</sup>

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hver orðræða forseta Íslands hefur verið á alþjóðavettvangi. Hvaða mynd dregur hann upp af Íslandi og hvernig er sú sjálfsmynd þjóðar sem birtist í orðræðu hans á erlendum vettvangi. Rannsóknin er því liður í þekkingarsköpun og rannsóknum á sjálfsmyndarsköpun þjóðar.

#### 3.2 Aðferðafræðileg nálgun

Við rannsóknina studdist ég við blandaða aðferðafræði; bæði eigindlega og meginlega aðferðafræði. Meginleg aðferðafræði (e. quantitative) byggir á tölulegum gögnum en ég

---

<sup>77</sup> Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis, 8. bindi 2010. 178

frankvæmdi innihaldsgreiningu til að koma auga á tíðni ákveðinna orða og hugmynda. Því næst frankvæmdi ég orðræðugreiningu, sem er eigindleg aðferðafræði (e. qualitative), en hún er ákjósanleg til þess að skyggjast undir yfirborðið og greina undirliggjandi merkingu þeirra orða og hugtaka sem birtust í innihaldsgreiningunni. Blandaðar aðferðir geta því unnið vel saman, eins og í þessu tilfelli, með innihaldsgreiningu fæst ákveðinn grunnur sem orðræðugreiningin vinnur áfram með til að greina nánar og ná fram meiri dýpt í rannsóknina.

Með meginlegri aðferðafræði er átt við að rannsóknaraðferðum náttúruvísinda er beitt á viðfangsefni félagsvísinda. Meginleg aðferðafræði byggir á afleiðslu (e. deductive) en þá er unnið að því að sanna ákveðna tilgátu og hægt að spá fyrir um hegðun einstaklings út frá þekkingu á hópnum. Litið er svo á að félagslegan veruleika megi skoða með því að mæla hann og magnbinda, eða skrá með tölum líkt og tíðkast innan póstívískrar hefðar. Franski félagsfræðingurinn Emile Durkheim hélt því fram að hægt væri að rannsaka félagsleg viðfangsefni á hlutlægan hátt, rétt eins og um efnislega hluti væri að ræða og þóttu því meginlegar rannsóknir *vísindalegri* en eigindlegar hér áður fyrir.<sup>78</sup>

Eigindleg aðferðafræði leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri. Eigindleg aðferðafræði gengur út frá því að þau séu síbreytileg og háð upplifun einstaklingsins. Eigindlegar rannsóknir byggja á aðleiðslu (e. inductive), en það merkir að ekki er farið af stað í rannsókn til að sanna tilgátu eða kenningu, heldur er skilningur þróaður út frá því sem birtist í gögnunum. Til að fara af stað í eigindlega rannsókn, þarf rannsakandi að vera opinn fyrir því sem þar kann að koma fram og taka þátt í mótandi ferli, í stað þess að hafa fastmótaða spurningu eða tilgátu að leiðarljósi. Rannsakandi þarf að reyna að setja til hliðar skoðanir sínar, fyrirfram gefnar hugmyndir, trú og viðhorf.<sup>79</sup> Það má því segja að það sé meiri sveigjanleiki í eigindlegum rannsóknum en meginlegum. Að sama skapi getur það reynst rannsakanda erfitt að hafa hlutleysið að leiðarljósi og því er mikilvægt að hann sé heiðarlegur og geri vel grein fyrir sjálfum sér, bakgrunni sínum og því sem gæti haft áhrif á túlkun gagna, til að auka réttmæti rannsóknarinnar. Öll höfum við ólíka sýn á hlutina, sem byggir á lífssýn og skoðunum okkar,

---

<sup>78</sup> Taylor og Bogdan, 1998, 3-5

<sup>79</sup> Taylor og Bogdan, 1998, 7-10

og því er ekki hægt að tala um fullkomið hlutleysi, en rannsakandi er meðvitaður um það og stöðu sína. Það er því mín túlkun á gögnunum sem birtist hér.

Þrátt fyrir að eigindleg aðferðafræði sé afar sveigjanleg og ekki fastmótuð með tilgátum eru kenningarnar, sem hefur þegar verið greint frá, sá rammi sem ég set mér í rannsókninni. Ég hef ákveðna hugmynd um gögnin sem eru til rannsóknar og tel að þessar kenningar munu reynast mér sá áttaviti sem er nauðsynlegur til að koma auga á það sem mig langar að skoða. Líkt og komið hefur fram, er ekki fastmótuð rannsóknarspurning sett fram í upphafi heldur kemur hún í ljós eftir því sem líður á rannsóknarferlið en sú hugmynd sem ég legg upp með og langar að skoða er: hvaða sjálfsmynd þjóðar birtist í orðræðu forseta Íslands á alþjóðavettvangi. Kenningskólarnir þrír og forvitni mín um sjálfsmynd þjóðar voru vegvísar mínir í rannsóknarferlinu.

### 3.2.1 Innihaldsgreining

Samkvæmt Bernard Berelson, er innihaldsgreining (e. content analysis), rannsóknaraðferð fyrir hlutlæga, kerfisbundna og magnbundna lýsingu á augljósu innihaldi boðskipta. Hið augljósa innihald boðskipta þýðir að innihaldsgreiningin snúist um það *hvað er sagt* en ekki *hvers vegna það er sagt*. Innihaldsgreining takmarkast því algjörlega við efnið, en ekki hver eða hvort ásetningur liggi að baki eða hvort um undirliggjandi merkingu er að ræða. Innihaldsgreining hentar vel þegar um samanburð er að ræða og nýtist vel til að mæla hið augljósa innihald gagna.<sup>80</sup> Orðræðugreiningin er betur til þess fallin að rýna enn betur í gögnin og kanna dýpri merkingu þeirra; skoða *hvers vegna* eitthvað er sagt og *hvað er undirliggjandi*.

Innihaldsgreining er hvorki fullkomin né tæmandi aðferð þar sem rannsakandinn ákveður ferlið, úrtaksstærð, úrvinnslu og flokkun. Það er því mikilvægt að rannsakandinn skilgreini

---

<sup>80</sup> Bernard Berelson, 1971, 18

ítarlega efnið og allt ferlið, sem og ákvarðanir þær sem teknar eru til að tryggja hlutlægni greiningarinnar.<sup>81</sup>

Ég beitti innihaldsgreiningu á þau gögn, sem til rannsóknar voru til að koma auga á tíðni orða og hugtaka í þeim tilgangi að sjá hvort stórtækar breytingar urðu á orðræðu forseta Íslands á tímabilinu. Innihaldsgreiningin varpaði því ljósi á tíðni ákveðinna orða og hugtaka sem nýttist til að afmarka þau þemu sem birtust í orðræðugreiningunni. Til að framkvæma innihaldsgreininguna notaðist ég við forritið wordle.net, en það forrit dregur fram þau orð sem birtast oftast og raðar þeim eftir tíðni þeirra.<sup>82</sup>

### 3.2.2 Orðræðugreining

Það eru margar viðurkenndar leiðir til að greina orðræðu, m.a. gagnrýnin orðræðugreining (*e. critical discourse analysis*), söguleg orðræðugreining (*e. historical discourse analysis*) og orðræðugreining, sem byggir á kenningum Foucault. Þessar aðferðir, sem notaðar eru til að orðræðugreina eiga það sameiginlegt að vera notaðar til að rannsaka texta og því er hafnað að tungumálið sé hlutlaust og óháð tæki. Lykilatriði orðræðugreiningar, samkvæmt Rosalind Gill, er að beita gagnrýni á það sem við álitum *edlilegt* eða gefinn hluta af þeirri þekkingu sem við búum yfir. Hið *sanna edli* er því afbyggt, eða a.m.k. gert tortryggilegt og dregið í efa. Annað lykilatriði er að gera sér grein fyrir því að þekking byggir á sögulegum og menningarlegum aðstæðum okkar. Þriðja atriðið er sannfæring um að þekking sé félagslega mótuð. Í fjórða lagi snýst orðræðugreining um hvernig þekking á félagslegri mótun er tengd athöfunum eða gjörðum einstaklinga, þ.e. einstaklingar hegða sér í samræmi við þekkingu sína á samfélaginu.<sup>83</sup> Samkvæmt Gill er aðallega verið að fást við fjögur meginþemu í orðræðugreiningu. Í fyrsta lagi er það áhersla á sjálfa orðræðuna. Í öðru lagi er það hið mótandi afl tungumálsins, tungumálið er bæði mótað af einstaklingnum og hefur mótandi áhrif á hann. Í þriðja lagi að orðræðan sé hluti af athöfnum okkar og í fjórða lagi að hún sé

---

<sup>81</sup> Bernard Berelson, 1971, 16

<sup>82</sup> Forritið wordle má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.wordle.net>

<sup>83</sup> Rosalind Gill, 2000, 173



mælskufræðilega skipulögð (e. organized rhetorically), við skiljum hvert annað og getum komið okkar sjónarmiðum á framfæri en það sé jafnframt háð valdastöðu.<sup>84</sup>

Kenningar Foucault fela ekki aðeins í sér kenningarfræðilegan grunn heldur eru einnig notaðar sem aðferðafræði þar sem þær rannsaka og reyna að afhjúpa mynstur og samhengi í texta. Orðræðugreining einblínir á texta og samhengi hans, ekki endilega á hvert einasta orð heldur hvernig tungumálið er notað og hvað birtist í textanum og hvað ekki. Hvernig eru hlutir settir fram í textanum, hverju er haldið á lofti, hvers vegna og hverra hagsmunir liggja þar að baki? Viðfangið er búið til og viðhaldið í orðræðunni og því er forvitnilegt að skoða hvernig orðræða forseta Íslands birtist og hvaða hugmyndum hann heldur á lofti um Ísland á alþjóðlegum vettvangi.

### 3.2.3 Verklag orðræðugreiningar

Rosalind Gill bendir á nokkur atriði sem þarf að hafa í huga þegar orðræðugreiningu er beitt. Það þarf að temja sér agaðan lestur við orðræðugreiningu til að véfengja hið *eðlilega* og falla ekki í þá gryfju að skauta fram hjá því sem stingur í augu; mótsagnir eða duldar merkingar í textanum – það eru hin fínlegu blæbrigði textans, sem þarf að reyna að beina sjónum að. Við orðræðugreiningu þarf rannsakandinn að átta sig á eigin lestrarvenjum og draga sinn hefðbundna lestur í efa til að halda sér á tánum. Við höfum tilhneigingu til að ritstýra þeim texta sem við lesum eða heyrum og þar með getur margt merkilegt farið fram hjá okkur, það er því mikilvægt að gera sér grein fyrir því áður en orðræðugreining hefst.<sup>85</sup>

Í grein sinni „Leitað að mótsögnum – um verklag við orðræðugreiningu“ leggur Ingólfur Ásgeir Jóhannesson til ákveðið verklag við orðræðugreiningu.<sup>86</sup> Hann fjallar um algengustu hugtökin sem eru: orðræða (e. discourse), þrástef (e. discursive theme), löggildingarlögmál (e. legitimating principles), sögulega samverkan (e. historical conjuncture) og eigin ögun (e.

---

<sup>84</sup> Rosalind Gill, 2000, 174

<sup>85</sup> Rosalind Gill, 2000, 178

<sup>86</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006

normalization).<sup>87</sup> Ingólfur fjallar um mikilvægi þagnarinnar í orðræðugreiningu, hún getur varpað ljósi á hvað er ekki skrifað, sem er jafn mikilvægt og það sem skrifað er. Ríkjandi og víkjandi orðræða er vísbending um hvaða hugmyndir og athafnir fá athygli og viðurkenningu í orðræðunni. Samkvæmt Ingólfi er orðræða ekki aðeins orð á blaði heldur einnig óyrtað hugmyndir og gjörðir sem ekki ætti að véfengja. Orðræða er ákveðið ferli sem við sköpum, meðvitað og ómeðvitað, með athöfnum og yrðingum. Ferlið samanstendur af þrástefjum sem mynda mynstur og verða að lögmálum. Lögmálin eru ekki algild heldur hafa þau myndast í pólitískum átökum fortíðar og nútíðar. Lögmálin fela svo í sér beinar og óbeinar reglur samfélagsins um hvað má segja og hvað ekki. Það er því ljóst að þræðir valdsins liggja víða í orðræðunni.<sup>88</sup>

Ingólfur leggur fram leiðbeiningar um verklag við orðræðugreiningu sem sett er upp í nokkrum þrepum. Fyrsta þrepið er að *velja málefni eða atburð* til að greina. Næsta þrep er að ákveða *hvaða gögn* á að greina. Þar má afmarka sig við ákveðið tímabil eða lykilskjöl, einnig er gagnlegt að skoða hvaða gögn hafa verið rannsökuð áður. Lykilatriðið að mati Ingólfs er að þrengja tímabilið, fækka skjölum og ætla sér ekki um of. Þriðja þrepið er að *greina gögnin*. Líklegt er að rannsakandinn hafi nokkra hugmynd um helstu þrástef en oft kemur fleira og annað í ljós þegar greiningin hefst. Gott er að hafa ákveðnar spurningar til hliðsjónar við greininguna, spurningar sem hjálpa til við að finna helstu þrástef og átakalínur. Fjórða þrepið er að *gera sér grein fyrir átakpunktum í orðræðunni*, sem eru ekki endilega augljósir. Þegar hér er komið sögu eru þrástefin farin að koma í ljós, einnig það sem er hulið eða þaggað, er rannsakandinn að finna það sem rannsakandinn bjóst við að finna, er þagað um einhverja hluti o.s.frv. Næsta þrep er það sem aðskilur orðræðugreiningu frá almennri textagreiningu, en það er *samverkan aðstæðna, atvika og hugmynda*, sem getur af sér orðræðuna í gögnunum. Síðasta þrepið sem mælt er með er *ritun skýrslu*.<sup>89</sup>

---

<sup>87</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, 179

<sup>88</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, 180

<sup>89</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, 182-187

### 3.3 Framkvæmd rannsóknar

Við rannsóknina er stuðst við fyrirliggjandi og opinber gögn sem talin eru þjóna best tilgangi rannsóknarinnar og markmiðum hennar. Gagnaöflun er mikilvægur hluti rannsóknarinnar og var leitast við að hafa hana hnitmiðaða og gegnsæja svo hún gæfi skýra mynd af viðfangsefninu. Afmörkun á gögnum til að hafa rannsóknina hnitmiðaða og markvissa reyndist nokkuð erfið enda um langt tímabil að ræða. Þar sem ég er að skoða birtingarmynd orðræðu á alþjóðavettvangi, voru ræður og erindi, sem voru fluttar voru innanlands sem og erlendis, notaðar til greiningar. Ég nýtti mér og hafði til hliðsjónar þau gögn sem voru til rannsóknar í rannsóknarskýrslu Alþingis, en í henni er fjallað um hlutverk forseta Íslands í aðdraganda hrunsins. Gögnin eiga það sameiginlegt að vera ætluð til flutnings í alþjóðlegu umhverfi; ræður á erlendum vettvangi, erindi á málþingum erlendis og hér heima um alþjóðleg mál, erindi á smárikjaráðstefnum, sem og ávörp við ýmis tækifæri á erlendri grund.

Þegar greining gagna hófst hafði ég ákveðinn grun um hvaða þrástef var þar að finna enda um opinber gögn að ræða, sem ég notast við og hef, að einhverju leyti, séð áður í gegnum tíðina. Það er gott að hafa nokkrar spurningar til hliðsjónar um hvað það er sem leitað er eftir, í mínu tilfelli var það ævinlega: Hver er sú sjálfsmynd þjóðar sem birtist í orðræðu forseta Íslands á erlendum vettvangi. Hvaða mynd birtist af Íslandi í orðum forsetans? Hvað eru gögnin að segja okkur og hver er saga gagnanna? Mælt er með því að nokkrum spurningum sé haldið á lofti þegar verið er að orðræðugreina texta, þar sem sú aðferð byggist á því að draga hið viðtekna og hefðbundna í efa. Gögnunum þarf að vera lýst ítarlega og nákvæmt til að halda í nauðsynlegt gegnsæi og til að koma í veg fyrir hlutdræga greiningu.

Þegar farið var af stað með rannsóknina og gögn valin, voru nokkrar ræður sem voru, að mínu mati, eftirminnilegar og hafa verið til umfjöllunar í fréttum og rannsóknarskýrslu Alþingis. Þar má nefna ræður forseta Íslands í upphafi útrásar, þar sem hann talar máli viðskiptamanna á erlendri grund, sem hafa verið til umfjöllunar í samfélaginu og vakið athygli og umtal. Í þeim hluta rannsóknarskýrslu Alþingis sem snýr að forseta Íslands, er stuðst við ákveðnar ræður og tekin dæmi um framgöngu hans í útrásinni; þær ræður tók ég m.a. til greiningar en

annars voru þær ræður sem snéru að heimsóknum erlendis, erindum um stöðu Íslands og erindi á ráðstefnum um smárikki og stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu valdar. Ég legg til grundvallar 23 opinberar ræður frá árunum 1997 – 2012.<sup>90</sup>

Eftir öflun gagnanna hófst kóðun og greining. *Fyrsta greining* fólst í því að lesa gaumgæfilega yfir hverja ræðu fyrir sig og að kóða gögnin. Ég strikaði undir það sem mér þótti athyglisvert og glósaði um leið beint inn í skjalið. Að loknum hverjum lestri tók ég þau kóð, sem komu oftast fyrir og þær athugasemdir sem höfðu vaknað, og skrifaði athugasemdir rannsakanda á sér blað. *Önnur greining* fól í sér að koma skipulagi á kóðunina og gerði ég það með því að nota liti til að flokka þau og brátt fóru ákveðin þemu að koma í ljós. Þemunum var því næst skipt upp í nokkra flokka og athugasemdir og vangaveltur skrifaðar niður. *Þriðja stig greiningarinnar* fólst í því að bera saman öll kóðunarblöðin og þemun og í ljós komu þau þrjú þemu, sem verður gert grein fyrir hér á eftir.

Á seinni stigum rannsóknarinnar var ákveðið að framkvæma einnig innihaldsgreiningu til að undirbyggja þau þemu sem voru valin. Innihaldsgreiningin var framkvæmd með worldle.net forritinu, en það sýnir tíðni orða og hugtaka í texta. Í ljós kom að tíðni þeirra orða sem komu fram, hélst í hendur við þau þemu sem ég hafði valið.

Ræður forseta Íslands eru alltaf skrifaðar í ákveðnum tilgangi og við sérstök tilefni; þær geta verið vegna heimsókna heima eða erlendis, vegna ýmissa atburða, málþinga og alþjóðlegra ráðstefna og ýmiskonar opnana. Þrátt fyrir að þessar ræður séu skrifaðar með ákveðna viðburði í huga, sem þarf að ávarpa sérstaklega og sérsníða, eru ákveðin atriði sem birtast ítrekað og er því hægt að tala um að það séu þrátekin stef sem birtast í ræðunum. Samkvæmt aðferðafræðinni, sem notast var við og lýst hér að framan, er hægt að flokka þrástefin, sem birtast í gögnunum, í þrjú meginþemu, sem verður gert ítarlega grein fyrir hér í þessum kafla.

---

<sup>90</sup> Ræður forseta Íslands nálgast ég allar á vef forsætisembættisins: <http://www.forseti.is/>

Þau gögn sem valin voru, sýndu fram á ákveðna mettun á því efni sem var til athugunar, endurtekningar voru þó nokkrar og megin þemu því nokkuð augljós. Þrátt fyrir að gögnin hafi verið skrifuð í ákveðnum tilgangi; t.d. með áherslu á viðskipti, ákveðin samstarfsríki, stöðu smárikja, rannsóknir eða menningartengda atburði, var oftast nær greinilegur sameiginlegur undirtónn, sem varð að þeim þemum sem verða til umfjöllunar í næsta kafla.

### 3.3.1 Réttmæti og áhættumat

Gæði rannsóknar nær til margra þátta og er mikil ábyrgð lögð á rannsakandann í eigindlegri aðferðafræði. Rannsakandinn þarf að túlka öll gögn og leggja merkingu í þau en á sama tíma þarf hann að gæta að stöðu sinni og hlutleysi. Það er því mikilvægt að sýna fram á réttmæti og er það gert með nokkrum mismunandi aðferðum.

Fjölbreytileiki gagna skiptir miklu máli sem og þríprófun (e. triangulation) sem er ein aðferð til að auka réttmæti rannsókna. Þegar talað er um þríprófun er t.d. átt við að gagna sé aflað að minnsta kosti á þrennskonar hátt eða þremur mismunandi kenningum sé beitt til að greina gögnin. Allt miðar þetta að því að fá fjölbreytta sýn á rannsóknargögnin og hleypa öðrum sjónarmiðum að til að forðast hlutdrægni. Fræðimaðurinn John W. Creswell bendir á nokkrar leiðir til að tryggja réttmæti rannsóknar; dvelja á vettvangi, þríprófun, gera grein fyrir andstæðum niðurstöðum, ítarlegar lýsingar, láta gögnin tala og hlutdrægni rannsakanda, til að auka gæðin. Creswell mælir með því að rannsakendur tileinki sér og noti a.m.k. tvær af þeim leiðum sem hann bendir á.<sup>91</sup> Ég hef haft ábendingar Creswell að leiðarljósi og valdi þrennskonar kenningar til að styðjast við og notast þar með við kenningarlega þríprófun, ég læt gögnin tala og nota þau til að styðja mál mitt. Ég er afar meðvituð um hlutverk mitt sem rannsakanda og styðst við þær verklagsreglur, sem Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Rosalind Gill mæla með. Ég hef það að leiðarljósi að ég er að greina opinberan texta og blanda því ekki persónunni við textann heldur legg mig fram við að aðskilja persónuna og textann. Ég er að rannsaka þann texta, sem hefur verið birtur opinberlega, vissulega hefur áður verið fjallað um

---

<sup>91</sup> John W. Creswell, 1994, 203

hann og þá er ég að vísa til viðauka rannsóknarskýrslu Alþingis, en önnur gögn notast ég ekki við. Fyrirliggjandi gögn eru ræður forseta Íslands og ég held mig við þau gögn og legg mitt mat og mína túlkun í það, sem birtist mér við rannsóknina. Ég legg áherslu á hlutlægni við rannsóknina og því ættu aðrir rannsakendur að komast að sambærilegum niðurstöðum miðað við sömu gögn og sömu aðferðir.

## 4 Niðurstöður innihaldsgreiningar á ræðum forseta Íslands

Í þessu kafla verður greint frá niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar. Með innihaldsgreiningu er hægt að koma auga á ríkjandi stefnu og áherslu, einnig ef áherslur breytast skyndilega eða stefnubreyting á sér stað í orðræðunni. Framkvæmd hennar var með þeim hætti að ræðurnar voru settar inn í forritið wordle.net til að fá tíðni þeirra hugtaka og orða sem komu oftast fyrir. Orð á borð við *að*, *svo*, og voru undanskilin, þar sem þau skiptu ekki máli í þessu samhengi. Með því að beita þessari aðferð urðu meginþemu orðræðugreiningarinnar skýrari og þau fest betur í sessi.

Það orð sem kom oftast fram var *smæðin*, og er það vísun í smæð Íslands. Smæðin kemur ítrekað fram í 13 af þeim 23 ræðum sem eru til grundvallar. Í þeirri fyrstu ræðu, sem til greiningar er, frá 1997, er áherslan á fortíðina, landafundi og könnunarleiðangra, víkinga og sjálfstæði, fullveldi og frelsi. Í þeirri næstu, sem er frá 1998, er forsetinn enn að fjalla um fortíðina og lýðræðisþróun landsins í tengslum við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Árið 1999 færast áherslan á ný tækifæri og framtíðina og koma orðin *alþjóðlegt* (e. global) ítrekað fyrir sem og *tækifæri*, *hagkerfi*, *möguleikar*, *sköpun* og *framþróun*. Frá aldamótum er mikil áhersla á tækifæri smárikis á alþjóðlegum mörkuðum. Í ræðu frá 2002 má finna þessar sömu áherslur en þá hefur *arfleifðin* (e. heritage) bæst við og verður áfram áberandi í ræðunum. Í kjölfar *arfleifðarinnar* koma víkingar, bændur og sjómenn ítrekað við sögu og *útrás* bætist einnig við. Áhersla á *viðskipti* og *banka* kemur sterkt fram á þessu tímabili, sem lýkur síðla árs 2008, en þá kemur fram nýtt stef; *loftslag* (e. climate), og áhersla á útrás og banka hverfur.

Innihaldsgreiningin staðfesti þau þemu, sem ég hafði fundið með orðræðugreiningunni og því var hægt að einbeita sér að þeim og skyggjast undir yfirborðið til að fá kjöt á beinin. Niðurstöðum orðræðugreiningarinnar verður lýst í næsta kafla.

## 5 Orðræðugreining á ræðum forseta Íslands á tímabilinu 1997-2012

Fyrsta þemað snýr að *smæð Íslands*. Í nánast hverri ræðu forseta Íslands, sem skoðuð var, minntist hann á stærð eða kannski réttara sagt smæð Íslands. Í kafla 4.1 verður farið nánar í þema sem snýr að smæð landsins og hvernig hún spilar stóra rullu í orðræðu forseta Íslands. Það er ekki litið á smæðina sem ókost heldur eru kostir hennar útlistaðir hvort sem það snýr að samvinnu ríkja eða möguleikum smárikis að verða gildandi á markaðstorgi heimsins. Þegar fjallað er um smæð Íslands í ræðum forsetans fylgja yfirleitt einhverskonar viðmið með, við erum lítill en þrátt fyrir það erum við stór á einhverjum sviðum eða smæðin er góður kostur. Smæðin birtist alltaf í samhengi við einhverskonar viðmið, sá sem er lítill er ekki stór og þannig afhjúpast andstæður og andstæðupör í orðræðu forsetans. Hið smáa og hið stóra, þar sem Ísland er smáriki bendir forsetinn á að á mörgum sviðum erum við stór og höfum kjark og hæfileika til að láta til okkar taka. Hann notar dæmisöguna um Davíð og Goliát til að lýsa því hvernig hið smá getur sigrað hið stóra og vísar til þeirra áhrifa sem smáriki geta haft þegar kemur að samskiptum við stærri ríki eða stofnanir. Ítrekað er fjallað um mikilvægi smárikja þegar kemur að lýðræðisþróun, og eru tekin dæmi af upphafi lýðræðis og menningar í Aþenu og Róm til forna og það sett í samhengi við Ísland.

Annað þema, sem er ríkjandi í ræðum forseta allt frá því að hann tók við embættinu, er *arfleifðin*, hin merka saga og atburðir sem hafa gert Íslendinga að þeim sem þeir eru. Arfleifðin er fyrirferðamikil í orðræðunni, hvort sem orðum er beint að ædstu fulltrúum ríkja, viðskiptalífinu eða menningunni. Eiginleikar á borð við sköpunargáfu, sveigjanleika, fróðleiksfýsni og viðbragsðsflýti eru sagðir prýða Íslendinga. Þeir hafa fengið hæfileikana með móðurmjólkinni og nýtast þeir nú til að ná langt á hinum ýmsu sviðum á alþjóðavettvangi. Arfleifðin og þeir eðlislægu eiginleikar, sem eru sagðir einkenna Íslendinga, eru t.a.m. notaðir til að útskýra velgengi íslenskra athafnamanna á tímum útrásarinnar.

Þriðja þemað, sem birtist, snýr að stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Frá upphafi ferils síns í embætti hefur forseti Íslands fjallað mikið um landið í alþjóðlegu samhengi og þá sérstaklega m.t.t. breyttrar heimsmyndar; loka kalda stríðsins, hnattrænna áhrifa á hagkerfi heimsins og byltingar í þróun upplýsingatækni. Þessi *nýja* heimsmynd og staða hefur haft mikil áhrif á fjölmörg ríki og þar á meðal Ísland. Upplýsingabyltingin gerir smærri ríkjum kleift að taka þátt í verkefnum og viðskiptum þvert á landamæri og óháð landfræðilegri stöðu sinnar. Fram



kemur hjá forsetanum að Íslandi séu nú engin takmörk sett þegar kemur að því að gera sig gildandi á heimsmarkaði og líkir hann þessu nýja skeiði við *endurreisnartímabil* sem Ísland er að upplifa á sviði fjármála, vísinda, menningar og lista. Nýtt blómaskeið er runnið upp sem líkt er við *gullöldina* sem ríkti á landnámstímanum á Íslandi. Sóknarfæri Íslands eru mýmörg í þessu hnattræna og opna samfélagi ríkja heims.

Hér á eftir verður farið í hvert þema fyrir sig, og gerð grein fyrir þeim og dæmi notuð til útskýringa á hverju þema og undirþema fyrir sig.

## 5.1 „...smáum ríkjum eru nú engin takmörk sett.“<sup>92</sup>

Í flestum þeim ræðum sem notaðar voru, sem rannsóknarefni, var minnst á stærð, eða smæð, landsins. Ekki verður því horft framhjá smæð landsins en í orðræðu forsetans gætir nokkurrar nástöðu; það sem mestu máli skiptir skiptir ekki máli. Smæðin er gerð að afar jákvæðu vogarafli þar sem eiginleikar smáþjóða eru margir. Í orðræðu forsetans er einatt fjallað um stöðu smáríkja á tímum alþjóðavæðingar og hvernig smæðin skiptir nú minna máli en áður. Í kjölfar hnattvæðingar eru þær hindranir, sem áður komu í veg fyrir að smáríki næðu að blómstra á alþjóðavettvangi, úr vegi og leiðin greið fyrir smáríki að markaðstorgi heimsins. Stærðin eða smæðin er okkur ekki lengur fjötur um fót heldur einmitt hið gagnstæða; hún gerir okkur samkeppnishæfari og gefur okkur forskot á hin stóru þunglamalegu ríki. Smáríkið Ísland er sveigjanlegt og viðbragðsfljótt:

*Smæð elur á trausti, býður upp á sveigjanleika og opinn huga fyrir nýjum hugmyndum og áskorunum, leyfir einstaklingum að nota styrkleika sína og hæfileika á opinn og hugmyndaríkan máta, vekur tilfinngu um að gamalt og nýtt kerfi vinni saman.*<sup>93</sup>

---

<sup>92</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002

<sup>93</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 18. apríl 2000, bls. 2: „*Smallness inspires trust and confidence, offers flexibility and openness to new ideas and challenges, allows individuals to use their skills and talents in open and innovating ways, gives a greater sense of community to the relationship between new institution and old.*“

Á tímum hnattvæðingar er stærð og fjarlægðir ekki lengur hindrun heldur er það beinlínis jákvæður eiginleiki því að smæðin hefur í för með sér sveigjanleika og nálægð, sem er góður eiginleiki á „markaðstorgi heimsins“. Þetta kom fram í ræðu forseta Íslands sem hann flutti í Harvard háskóla árið 2002, „smæðin er ekki lengur sú hindrun sem áður var.“<sup>94</sup> Hnattvæðingin breytir stíganda heimsins og ryður þar með úr vegi þeim hindrunum sem smáríki hafa, fram að þessu, staðið frammi fyrir. Stærð, mannfjöldi og staðsetning er ekki lengur forsenda þess að geta tekið þátt og vegið þungt á heimsvísu, en forsetinn telur upp íslensk fyrirtæki og aðila sem hafa komið frá Íslandi og skarað fram úr á sínu sviði á heimsvísu. Smæð landsins er sett upp sem jákvæður eiginleiki þar sem tímarnir hafa breyst og þar af leiðandi umhverfið sem unnið er í.

Smæðin er líka harður skóli, sem við höfum komist í gegnum og getum verið stolt af. Í orðræðu forseta Íslands má lesa að Íslendingar séu eins og harðgerð tegund, sem hefur verið ræktuð í gegnum aldirnar; harðræði, óblið náttúruöflin, fátæktin, hungrið, margskonar áföll og myrkur hefur skapað þetta sterka og merkilega fólk sem hér býr. Íslendingum eru í raun engin takmörk sett þegar kemur að heimsyfirráðum. Í áðurnefndum fyrirlestri við Harvard háskóla í maí 2002 fjallar forseti Íslands um tækifæri smáríkja og tekur mörg dæmi af þeim fjölmörgu athafnamönnum, sem náð hafa langt, fyrst á innanlandsmarkaði og síðar á heimsmarkaði. Þar er smæð Íslands mikilvægur og góður skóli sem þeir hafa þurft að fara í gegnum áður en þeir leggja af stað út í heim: „Athafnamenn í matvöruverslun og rekstri verslunarmiðstöðva sem skarað hafa fram úr á hinum smáa íslenska markaði hafa nýlega sýnt að slík viðskiptareynsla getur gert þeim kleift að gera sig gildandi á hinum harða heimi stórríkjanna.“<sup>95</sup> Forsetinn leggur það til að á Íslandi megi setja á fót einhvers konar þróunar- eða tilraunastarfsemi þar, sem hinn smái íslenski markaður hafi nýst athafnamönnum vel, sem undirbúningur fyrir hinn stóra heim:

---

<sup>94</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 14

<sup>95</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 12. maí 2002, bls. 17

*Þótt kerfið á Íslandi sé lítið er það nægilega umfangsmikið til að endurspegla flest vandamál sem glíma þarf við í hinum stærri samfélögum og því hefur Ísland reynst hagkvæm þróunarstöð.<sup>96</sup>*

Það væri því hægt að fara í margskonar vöruþróun á Íslandi til að sjá hvaða vörur virka og hvernig markaðssvörun fengist þar sem markaðurinn er fljótur að svara á Íslandi og því getur það gefið góða vísbendingu um framhaldið: „Eitthvað sem nær fótfestu á Íslandi virðist vera samkeppnishæft annarsstaðar í heiminum. Ísland getur því virkað sem einhverskonar æfingabúðir til að ná árangri á stærri mörkuðum.“<sup>97</sup>

Forseti Íslands vísar í dæmisöguna af Davíð og Golíat þegar hann fjallar um stöðu smáríkja í heiminum<sup>98</sup> og er Ísland þá í hlutverki Davíðs, litla smaladrengrsins, gegn risanum Golíat, með nokkrar steinvölur og trúna að vopni og sigrar risann að lokum. Smáríki geta því boðið stórveldunum byrginn hafi þau trú á eigin getu og verðleikum. Einnig tekur hann dæmi af hvernig smáríki geta haft lýðræðisleg áhrif þrátt fyrir smæð sína með þátttöku í alþjóðastofnunum á borð við NATO og Evrópuráðið (Council of Europe) og með efnahagslegu ríkjasamstarfi og bandalagi líkt og EFTA og ESB – á sama tíma talar hann þó um að þeim Norðurlöndum sem standi utan við ESB vegni betur:

*...Ísland og Noregur hafa augljóslega, með allri virðingu fyrir frændum okkar í hinum þremur löndunum, sýnt fram á meiri fjárhagslegan árangur, hagvöxt, stöðugleika, atvinnu og lífsgæði.<sup>99</sup>*

---

<sup>96</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 12. maí 2002, bls. 16

<sup>97</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 23. október 2003, 7: „Something that gains a foothold in Iceland seems to prove competitive elsewhere in the world. Iceland can serve as a kind of training center for penetrating larger national markets.“

<sup>98</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní 1998, 3, 14

<sup>99</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní, 8: „...Iceland and Norway have clearly, with due respect for our cousins in the other three countries, produced a more favorable record of economic success, growth, stability, welfare, employment and living standard.“

Forsetinn talar einnig gegn þeirri hugmynd að smárikjum sé betur borgið í ríkjabandalögum. Hann telur skjól þeirra frekar liggja í aðgangi að opnu og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi en það kemur t.d. fram í fyrirlestri forsetans í Harvard háskóla 2002.<sup>100</sup> Þar hefur forsetinn einnig orð á því að hann sé mögulega að tala gegn ríkjandi viðhorfi.

Davíð og Golíat koma einnig fyrir þegar forsetinn fjallar um sjálfstæðisbaráttu Litháa og hvernig smárikinn Ísland og Danmörk, tóku forystuna í að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi þeirra á meðan stærri ríkin drógu lappirnar: „Litla eyþjóðin í norður Atlantshafinu var eins og Davíð á meðal Golíatanna sem vildu bíða og biðja um meiri tíma.“<sup>101</sup> Ísland birtist sem óháð, frjálst ríki sem stendur með öðrum smárikjum í sjálfstæðisbaráttu þeirra:

*Ísland, minnsti meðlimur NATO, óbundið af samningum Evrópusambandsins, gat staðið uppi í hárinu á efasemdafólki og veitt Eystrasaltslöndunum nauðsynlegan stuðning í baráttu fyrir sjálfstæði.*<sup>102</sup>

Í erindi sínu í Washington D.C. árið 1997 fjallaði forseti Íslands um mikilvægi smárikja í Evrópu og að það hafi verið þau sem: „héldu uppi merkjum frelsis og lýðræðis á myrkustu áratugum þessarar aldar.“ Ennfremur fjallar hann um hvernig Ísland sýndi frumkvæði og steig fram og viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi nýfrjálsra ríkja á níunda áratug síðust aldar:

*Land mitt er stolt af því að hafa verið það fyrsta til að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Eystrasaltsríkjanna. Sem smáriki tengdum við undir eins við ákall á frelsi*

---

<sup>100</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 5

<sup>101</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 1998: „The small island nation in the North Atlantic was like David then among the Goliaths who wanted to wait and ask for more time.“

<sup>102</sup> 103 Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní 1998, 3: „Iceland, the smallest member of NATO, unbound by compromises made within the European Union, was able to defy the dissuaders and provide the Baltic States with the necessary support in your campaign for independence.“

*frá öðrum smárikjum sem hafa þurft að lifa við kúgun og harðstjórn einræðis bróðurpart aldarinnar.<sup>103</sup>*

Ísland birtist sem lítið en sjálfstætt ríki sem hefur frelsi og þor til að stíga fram og styðja við önnur ríki í baráttu sinni fyrir sjálfstæði og lýðræði. Ísland þekkir þá baráttu vel og hefur þurft að berjast fyrir sjálfstæði sínu. Smæðin birtist sem mikill kostur þar sem við erum fullvalda ríki og getum athafnað okkur fljótt og án þess að þurfa að spyrja eða biðja eftir leyfi frá stórveldum eða einhverskonar yfirvaldi. Forsetinn hnýtir meðal annars í stóru ríkin og ESB þegar þau drógu lappirnar í því að lýsa yfir og viðurkenna sjálfstæði fyrrum Sovétríkja. Áhersla á sjálfstæði Íslands kemur ítrekað fram í orðræðunni og að Ísland hafi þurft að hafa fyrir því að öðlast það:

*Sjálfstæðisbarátta okkar stóð í hundrað ár, en engu blóði var úthellt, enginn lét lífið eða fangelsaður. Hún var eingöngu háð með lýðræðislegum hætti með rökræðum, opnum fundum, og blaðagreinum - með friðsamlegum hætti sem hefur síðan orðið arfleifð okkar og lífssýn.<sup>104</sup>*

Smæðin er einnig jákvæð þegar kemur að því að treysta vináttubönd á milli þjóða og koma þarf á samstarfi á alþjóðavettvangi. Birtingarmynd Íslands, sem friðsælt og herlaust smáriki, er heillandi og langt frá því að vera ógnandi. Smæðin gerir það að verkum að fólk þekkest og myndar persónuleg tengsl og traust myndast. Það er ekkert ríki að taka áhættu með samstarfi við smárikið Ísland. „Þá er gott að vera smár og geta gert alla að sínum vinum.“<sup>105</sup> Það óttast

---

<sup>103</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. Júlí 1997, 8: „*My country is proud to have been the first to formally recognise the sovereignty and independence of the Baltic states. As a small nation, we respected immediately the call for freedom from other small nations that had suffered suppression and dictatorship for most of the century.*“

<sup>104</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 16. júní 2008, 2: „*Our independence campaign lasted one hundred years, but no blood was spilled, no one was killed or imprisoned. It was conducted entirely by democratic means through debates, public assemblies, newspapers and periodicals – through a culture of peace which has become our legacy and our vision.*“

<sup>105</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 24

ekkert ríki að vinna með okkur: „Enginn er hræddur við að vinna með okkur, einhverjir sjá okkur meira að segja sem áhugaverða sérvitringa sem geta ekki gert flugu mein.“<sup>106</sup>

Samvinna við aðrar þjóðir ber oft á góma hjá forseta Íslands á erlendum vettvangi eins og vera ber. Ísland er kynnt sem vænlegur kostur, ekki aðeins vegna smæðarinnar, heldur einnig vegna þess að hér er um að ræða friðelskandi og herlausa þjóð, sem kom lýðræðiskerfi á fót fyrir meira en þúsund árum:

*Smárikinn hafa þann höfuðkost að þau ógna engum og óhætt er að eiga við þau viðtæka samvinnu. Þau hafa enga annarlega hagsmuni í farteskinu og geta ekki beitt herstyrk, fjármálavaldi eða öflugum stjórnmálalegum ítökum til að ná sínu fram. Þau koma til dyranna eins og þau eru klædd og vandalaust er að eiga þau að vinum.<sup>107</sup>*

Eitt af því sem einkennir orðræðu forsetans í samskiptum við önnur ríki er áhersla á hið sameiginlega. Það er hinn sameiginlegi grundvöllur sem ólík ríki geta byggt á. Forsetanum tekst að finna sameiginlegan grundvöll á sviðum, sem eru oftast laus við pólitísk átök, og lúta frekar að því sem ríkin eru stolt af; s.s. menningararfi, landafundum, sameiginlegri menningu eða reynslu.

Í ræðu sem forseti Íslands flutti í heimsókn sinni í Rússlandi árið 2002 beinir hann sjónum að því sem Rússar og Íslendingar hafa átt sameiginlegt í gegnum tíðina og höfðar til þjóðarstolts beggja þjóða: „Rússar og Íslendingar hafa báðir sterkar tilfinningar til ættjarðarinnar, þjóðtungu sinnar og menningar og þess vegna eigum við auðvelt með að skilja hvorir aðra.“<sup>108</sup> Hann fjallar einnig um vináttuna sem Rússar sýndu Íslendingum á örlagatímum:

---

<sup>106</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 9: „No one is afraid to work with us. Some people even see us as fascinating eccentrics who can do no harm.“ Þessi ummæli minna á, og ýta undir, þá ímynd sem iðulega er haldið á lofti, að á Íslandi búi eintómir sérvitringar sem trúá á álfa.

<sup>107</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 24

<sup>108</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 19. apríl 2002, 3

*Íslendingar hafa löngum metið mikils vináttuna sem Rússar sýndu okkur á örlagatímum þegar við börðumst fyrir útfærslu landhelginnar og viðskipti okkar voru í áratugi burðarás í efnahagslífi Íslendinga. Við vissum að Rússar kunnu öðrum þjóðum betur að meta íslenska síld sem í áratugi var talin lostæti um gervallt Rússland. Lífskjör í mörgum íslenskum fiskibæjum byggðust á því að senda afurðir sjávarins til Rússlands og við fengum í staðinn frá ykkur olíu, timbur og bíla.<sup>109</sup>*

Þarna birtist ansi sterk og djúp tenging á milli þjóðanna, lífskjör heilla bæja byggðust á verslun við Rússa á erfiðu tímabili. Forsetinn fjallar einnig um að styrkja sambandið á ný og m.a. með áherslu á samvinnu í Norðrinu: „Rússar og Íslendingar eru orðnir nánir bandamenn við sköpun nýrrar Evrópu og við munum einnig í sameiningu geta gert Norðrið að nýjum vettvangi í samvinnu við Ameríku. Við eigum á nýrri öld meiri samleið en nokkru sinni.“<sup>110</sup> Hann leitast við að finna sameiginlegan og jákvæðan flöt til að koma á samvinnu af einhverju tagi. Jarðvegurinn er undirbúinn af kostgæfni í samskiptum hans, hann fjallar um hið sameiginlega og fer líka inn á nokkuð persónulegt svið í samskiptum ríkjanna.

Í fyrstu opinberu heimsókn forseta Kína til Íslands árið 2002 er einnig lögð áhersla á það, sem ríkin eiga sameiginlegt, og að heimsóknin sé augljós vísbending um vilja til að styrkja og efla samband ríkjanna tveggja. Tækifæri til samvinnu eru á mörgum sviðum og nefnir forseti Íslands tækifæri sem liggja í samvinnu í; sjávarútvegi, framleiðslu tæknivara, rannsóknum og ferðamennsku. Forsetinn leggur einnig áherslu á að samvinna ólíkra ríkja; fjölmennra og fámennra, sé leið til að tryggja frið, öryggi og velferð í heiminum. Samvinna smáríkisins Íslands og stórveldisins Kína er því leið til að skapa betri heim. Forsetinn kemur inn á hina sterku lýðræðishefð á Íslandi og að: „Ísland sé þannig brú bæði landfræðilega og hugmyndalega, varðveiti í sögu sinni þau manngildi og lýðréttindi sem vonandi verða að

---

<sup>109</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 19. apríl 2002, 3

<sup>110</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 19. apríl 2002, 4

leiðarljósi öllum þjóðum.“<sup>111</sup> Með þessum orðum er hinn viðkvæmi málaflokkur í Kína; *mannréttindi*, ávarpaður á afar snyrtilegan hátt af forsetanum.

Ákveðin samkennd kemur við sögu í ræðu forsetans við opnun Balkanpharma í Búlgaríu 11. október 2002. Þar fjallar hann um hvernig þjóðirnar tengjast nú mikilvægum viðskiptaböndum og bjart fram undan. Í gegnum aldirnar hafi þessar þjóðir ræktað land sitt, nýtt auðlindir sínar og unnið hörðum höndum að því að upplifa betri tíð – sú tíð er nú runnin upp. Hann vísar einnig í að tungumál beggja þjóða hafi varðveist í gegnum aldirnar og sé mikilvæg menningarleg arfleifð.<sup>112</sup> Mikil áhersla er lögð á hið sameiginlega hjá ríkjunum, þau eiga samskonar fortíð og arfleifð og nú fá þær að uppskera. Sameiginleg reynsla og sameiginlegir framtíðarmöguleikar eru hér í forgrunni sem ýtir undir jákvæð samskipti.

### Vagga lýðræðis

Forseta Íslands er tíðrætt um lýðræðið í ræðum sínum. Hann fjallar um upphaf þess á Íslandi og þá sterku lýðræðishefð sem hér hefur verið frá því að Alþingi var sett á laggirnar. Í erindi sínu í The National Press Club í Washington D.C. 1997 byrjar hann erindið á eftirfarandi orðum: „Ég kem frá einu elsta lýðræðisríki heims, ef ekki því elsta.“<sup>113</sup> Hið forna Alþingi Íslendinga hefur ýtt undir samfélagsgerð sem byggir á lýðræði og kristallast í þessum forna málshætti „Sá er vinur sem til vammis segir“ bætir hann við. Hann heldur áfram að fjalla um mikilvægi lýðræðis og að það sé sá hornsteinn, sem sé öllum ríkjum heims nauðsynlegur og ætti að vera: „lykillinn í öllum okkar tilraunum, stefnum og áætlunum; áætlunum hins nýja heims alþjóðasamskipta.“<sup>114</sup> Lýðræði er það stjórnskipulag, sem ætti að vera fyrirmynd allra

---

<sup>111</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní 2002, 3

<sup>112</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 11. október 2002, 1-2

<sup>113</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, „I come from one of the oldest democracies in the world, if not the oldest.“

<sup>114</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, 7: „the key in all our efforts, policies and plans; plans for the new world of international relations.“



borgaralegra samfélaga heimsins, segir forseti Íslands jafnframt í erindi sínu í Washington 1997.<sup>115</sup> Forsetinn bendir á kosti þess að búa yfir aldalangri lýðræðishefð:

*Saga Íslendinga frá dögum hins forna alþingis í gegnum ellefu aldir, og ævintýri ameríska veruleikans undir áhrifum frá The Founding Fathers, bera bæði vitni um viðvarandi velgengni hins sanna lýðræðissamfélags.*<sup>116</sup>

Hann bendir einnig á mikilvægi þess að viðhalda þeirri lýðræðishefð sem hefur verið og að lífsskilyrði í lýðræðisríkjum, sem hafa mannréttindi og umburðarlyndi í hávegum, sé meðal þess besta í heiminum og tekur þar Ísland fyrir sem og hin Norðurlöndin. Í fyrirlestri sínum um framtíð lýðræðis á Norðurlöndunum, sem fluttur var í Reykjavík 2002, gengur hann svo langt að líkja Íslandi við Aþenu og Róm til forna sem vöggju lýðræðis og lýðræðisþróunar í heiminum:

*Við höfum jafnan talið hið forna Alþingi fyrirmynd lýðræðis og þjóðveldis og helst yrði að leita til Aþenu á tímum Platons og Sókratesar til að finna hliðstæðu við frumleika íslenskra landnámsmanna við mótun ríkisforms og réttarkerfis.*<sup>117</sup>

Í ræðu sinni í Háskólanum í Vilnús 1998 er honum tíðrætt um lýðræðið og hið mikilvæga hlutverk smáþjóða í lýðræðisþróun heimsins:

*Lýðræðisarfleifðin, samfélag mannréttinda og umburðarlyndis, hafa á þessari öld helst verið varðveitt af smáþjóðum, sem flestar – sér í lagi Norðurlöndin - hafa einnig framúrskarandi vitnisburð um velferð, lífsgæði og hagsæld.*<sup>118</sup>

---

<sup>115</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, 7

<sup>116</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí, 1997, 7: „The history of the Icelanders from the days of the ancient parliament through eleven centuries to modern times, and the adventure of the American experience inspired by the Founding Fathers, both bear witness to the enduring success of true democratic society.“

<sup>117</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 15. apríl 2002, 2

<sup>118</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní 1998, 3: „The democratic heritage, the society of tolerance and human rights, has this century primarily been preserved by smaller nations, most of which – in

Lýðræðishefð og framtíð lýðræðis á Norðurlöndunum er til umræðu í þessum fyrirlestri en vísun í vöggu lýðræðisins kemur oftast fyrir í ræðum hans – það má því koma auga á þrástef hjá forsetanum þar sem hann nefnir að þegar kemur að lýðræði hefur Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum: „forskot okkar á aðra heimshluta sé mælt í áratugum eða jafnvel öldum.“<sup>119</sup> Vísar hann til þess að smárikjum og sérstaklega Norðurlöndunum hafi vegnað betur þegar kemur að lýðræði og lýðræðisþróun og að ríki í sunnanverðri Evrópu hafi verið undir stjórn herforingja eftir stríðsátök á 20 öld: „Að þessu leyti ætti Evrópa frekar að sækja fyrirmynd til Norðurlanda en meginlandsríkin að telja sig sjálfkjörin til að ráða mestu um málefni álfunnar á nýrri öld.“<sup>120</sup> Þannig er Evrópa ekki í kjörstöðu til að gefa öðrum ríkjum heimsins fyrirsmáli um hvernig best sé að tryggja lýðræði, að mati forsetans. Smáríki hafa verið framfarlega í lýðræðisþróun og nefnir hann að nálægð og gegnsæi yti undir þessa þróun í smærri ríkjum.

Í opunarávarpi sínu á ráðstefnu, sem haldin var af utanríkisráðuneytinu og Rannsóknarsetri um smáríki við Háskóla Íslands árið 2008, hverfur hann aftur til Aþenu og Róm til forna til að finna samlíkingu við Ísland. Þar er dreginn upp samanburður á Íslandi og Aþenu og Róm – vöggu vestræns lýðræðis – út frá hugmyndum um smáríki og því stjórn málaumhverfi sem þar tíðkast og hefur langvarandi áhrif á stjórn málahefðina og skáldin sem þar skrifa:

*Það er áhugavert að í fornöld hafi vagma vestræns lýðræðis verið í Aþenu og Róm, sem í þá daga voru smáríki á nútímamælikvarða með íbúafjölda álika og á Íslandi í dag. Skrif Platós og Aristótelesar og ræður Sesars og Katós voru allar undir áhrifum af reynslu þeirra af stjórn málum smárikja. Framlög þeirra hafa haft mikil áhrif á þá pólitísku arfleið sem enn mótar vestræna vitsmunahefð.<sup>121</sup>*

---

*particular the Nordic group – also have an outstanding record in terms of welfare, living standards and economic prosperity.“*

<sup>119</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 15. apríl 2002, 2

<sup>120</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 15. apríl 2002, 3

<sup>121</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 16. júní 2008, 7: „It is interesting to note that, in antiquity, the cradle of western democracy was Athens and Rome, which in those days were small states by modern standards with a population similar to that of Iceland today. The writings of Plato and Aristotle, the speeches of Caesar and Cato were all influenced and inspired by their experience

Þarna má sjá að verið er að sækja í sama brunn og í fyrra dæminu þar sem lýðræði á Norðurlöndum er líkt við lýðræði í Aþenu til forna. Í þessu dæmi er þó ekki farið eins berum orðum að því, heldur stærð og stjórnarhari Aþenu og Rómar til forna líkt við smáríkið Ísland. Þegar fyrrgreint dæmi er einnig tekið með má sjá að forseti Íslands setur Ísland á stall með Aþenu og Róm til forna þegar kemur að gerendahæfni smárikis og þeirri lýðræðishefð sem hefur haft áhrif á hinn vestræna heim.

Eins og fram hefur komið verður forseta Íslands tíðrætt um upphaf og þróun vestræns lýðræðis þegar staða Ísland ber á góma. Lýðræðishefð á Íslandi er merkileg og sýnir einnig hvernig smáríki geta haft áhrif, þrátt fyrir smæðina, á stóran hluta heimsins. Lýðræðisþróun í hinum vestrænu ríkjum er áhugaverð, eins og forsetinn bendir á, en á ofanverðri 20. öld var enn stór hluti Evrópu sem laut herstjórn. Um leið var lýðræði í Mið- og Austur Evrópu frekar nýtt af nálinni. Ísland fer fram með góðu fordæmi og lýsir yfir stuðningi við sjálfstæði ríkja á Balkanskaga eftir fall Sovétríkjanna en viðurkenning annarra ríkja á sjálfstæði og frelsi er grunnþáttur fullveldis ríkja:

*Það voru smáríkin við Eystrasalt sem tóku forystuna í að brjótast undan oki Sovétríkjanna innan frá, og það voru norrænu smáríkin í vestri sem tóku staðfasta afstöðu. Við á Íslandi munum alltaf hugsa til þessarar baráttu með stolti. Hún veitir okkur hvatningu til þess að halda áfram að standa vörð um þróun lýðræðis í Evrópu.<sup>122</sup>*

Hlutverk lýðræðis á Íslandi birtist sem ein af grunnstoðum sjálfsmyndar Íslands í orðræðu forseta Íslands á alþjóðavettvangi: „Lýðræðið á Norðurlöndum býr að traustum rótum og er á

---

*of politics in small states. Their contributions have largely influenced the political heritage which still moulds the western intellectual tradition.“*

<sup>122</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júní 1998, 3: „It was the small Baltic nations which took the lead in breaking the Soviet yoke from within, and it was the small Nordic nations in the west which made the first decisive stand. We in Iceland will always proudly cherish the memory of that struggle. It provides an encouragement to continue to stand guard over democratic evolution in Europe.“

margan hátt samgróið félagsgerð okkar og menningu.<sup>123</sup> Ísland birtist ekki aðeins sem fyrirmyndar lýðræðisríki heldur einnig sem nokkurs konar framfarasveit lýðræðisþróunar og lýðræðisumbóta. Hin lýðræðislega arfleifð okkar og annarra smáríkja er hin æskilega samfélagsgerð nútímans að mati forsetans og eru Norðurlöndin dæmi um þau fyrirmyndarríki sem virða lýðræði og mannréttindi.

## Andstæður

Rétt eins og komið hefur fram er smáríkið Ísland nánast alltaf skilgreint út frá smæð þess í orðræðu forseta Íslands. Það er nauðsynlegt að tefla fram andstæðum í sjálfsmyndarsköpun til að fá mynd af því sem við erum ekki, við erum ekki stór, ekki hernaðarríki, ekki fjölmenn – við erum andstæða margra þeirra ríkja sem forsetinn heimsækir og á í samskiptum við. Sjálfsmynd okkar birtist hér, sem andstæðan við það sem við erum. Við erum smáþjóð en höfum svo margt annað til að bæta upp smæðina að við endum í raun, sem jafningjar annarra þjóða, og jafnvel höfum við yfirburðina sökum smæðar, getu og arfleifðarinnar. Í orðum forsetans er Ísland borið saman við það ríki sem verið er að heimsækja eða alþjóðasamfélagið í heild sinni. Kostir Íslands og Íslendinga eru taldir upp, afrek á heimsmælikvarða og staða miðað við höfðatölu. Við státum af ótal heimsmetum og erum víða framarlega miðað við höfðatölu. Í ræðu sinni í Los Angeles árið 2000 fór forseti Íslands vandlega yfir hið ótrúlega öflugna mennta- og atvinnulíf þjóðar sem taldi einungis 280 þús manns: „Fyrir marga sem koma frá stærri samfélögum er nánast ómögulegt að skilja hvernig þjóð sem telur 280.000 íbúa getur framleitt svona margföld einkenni sköpunnar.“<sup>124</sup> Forsetinn fjallar m.a. um gjöfult menningarlíf á Íslandi þar sem:

*Í hverri viku frá september til júní getur fólk á stór Reykjavíkursvæðinu valið á milli 20-30 leiksýninga sem margar eru á heimsmælikvarða [...] fleiri bækur eru gefnar út á Íslandi en nokkurs staðar annarsstaðar í heiminum, miðað við*

---

<sup>123</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 15. apríl 2002, 11

<sup>124</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 14. júlí 2000: “For many who come from larger societies it is almost incomprehensible how a nation of 280,000 can produce such manifold manifestations of creativity.”

*höfðatölu [...] Íslendingar eru orðnir stærstu heimilistölvu- og internetsnotendur heims.*<sup>125</sup>

Öll minnimáttarkennd, hafi hún verið fyrir, hverfur eins og döggr fyrir sólu og jafnvel er bent á þá hluti sem Ísland hefur gert betur eða staðið sig betur í en viðkomandi ríki; þar má nefna yfirburði Íslands þegar kemur að lýðræði og öfluggu velferðarsamfélagi. Einnig kemur fram hversu fljótt við náðum að vinna okkur frá því að vera með fátækustu ríkjum Evrópu í að verða með þeim ríkustu. Ekkert er dregið undan þegar kemur að afrekum okkar á heimsmælikvarða: „Þrír leiðandi bankar á Íslandi – Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir – eru á meðal þeirra banka sem hraðast hafa vaxið í heiminum.“<sup>126</sup> Í sömu ræðu nefnir hann einnig: „Íslenska eftirlaunakerfið er eitt af þeim sterkustu í heimi.“<sup>127</sup> Samkvæmt þessum orðum og tölum er Ísland ansi framarlega á heimsmælikvarða.

Alþjóðleg viðurkenning virðist vera forsetanum mikilvæg, en hér vísar hann í háttsettan embættismann hjá Sameinuðu þjóðunum, sem nýverið hafði sótt Ísland heim: „Hann sagði að Ísland væri amerískt þegar kemur að frumkvöðlastarfsemi og áræðni en evrópskt þegar kemur að menningu og sjálfsmýnd – sameinar greinilega það besta úr báðum heimum.“<sup>128</sup>

Í ræðu sinni vegna Landafundaafmælisins fer forsetinn ekki í neinar grafgötur um að Leifur heppni, hinn íslenski, var sá landkönnuða sem kom fyrstur til Ameríku. Það er ákveðið yfirbragð í orðum forseta sem má líta á sem yfirlæti – við vorum hér á undan og erum nú komin mun lengra í mörgum flokkum en þið – hann skýtur á gestgjafana og upphefur land sitt á sama tíma.

---

<sup>125</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 5. maí 2000, 1: „Every week from September to June in the Reykjavik area one can choose from between 20 and 30 different theatrical productions, many of which are of world class standard. [...] More books are published in Iceland per head of population than in any other country in the world. [...] Icelanders have become the greatest Internet and home computer users in the world.“

<sup>126</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 11

<sup>127</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 11

<sup>128</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 5. maí 2000, 2: „He said Iceland was American in its entrepreneurship and daring but European in its culture and sense of identity – clearly combining the best of both worlds.“

Í orðræðu forseta Íslands eru smáorðin: við, okkar, mín og við Íslendingar áberandi.<sup>129</sup> Það má líta á þessi smáorð sem áherslu á samstöðu og hvernig hann er að tala fyrir hönd þjóðarinnar. Hann er í umboði þjóðarinnar og leggur áherslu á það í orðræðunni. Aftur á móti kemur það einnig fyrir að hann og hans fyrirætlanir koma í ljós: „Ég spái fyrir um...“.<sup>130</sup> Sem er nokkuð afdráttarlaust.

## 5.2 „Sköpunargáfa er hryggjarstykki íslensku arfleifðarinnar.“<sup>131</sup>

Mikilvægi þess að vera meðvitaður um uppruna sinn kemur iðulega fram í orðræðu forseta Íslands: „Aðeins með því að vita hvaðan þú kemur getum við haft áhrif á framtíðina.“<sup>132</sup> Arfleifðin hefur áhrif og gerir okkur að því sem við erum; land bænda og sjómanna. Menningararfurinn kemur stöðugt fram í orðræðu forsetans. Íslendingar eru skapandi þjóð og hafa alltaf verið. Ísland er land frumkvöðlanna og voru landnámsmenn að skrifa sögu sína á meðan Evrópubúar voru villuráfangi á miðöldum. Ísland er því frammar menningarríkjum meginlandsins þegar kemur að sagnaritun. Sköpun er eitt af því sem einkennir Íslendinga og talar forsetinn um *athafnaskáld* sem í raun táknar skapandi frumkvöðul í efnahagslífi<sup>133</sup> en það er afar lýsandi fyrir þá orðræðu sem var ríkjandi þegar íslenskir athafnamenn voru að hasla sér völl á erlendum vettvangi. *Athafnaskáld* er jafnframt ljóðrænt og lýsandi orð sem rúmar marga jákvæða eiginleika; athafnir – athafnamaður er sá sem framkvæmir og skáld gerir athafnamanninn að menningarveru um leið. Skáldskapurinn gefur mikla vídd og dýpt í þjóðarsálina en samkvæmt forseta Íslands má rekja þetta orð, eða hugmyndina á bakvið orðið, til þeirrar stöðu sem skapandi einstaklingar hafa haft í íslenskri menningu:

---

<sup>129</sup> Sjá t.d. í ræðu frá 5. maí 2000, 1 og 14. júní 2002, 1

<sup>130</sup> Sama heimild frá 2000. Þar spáir forsetinn fyrir um að hinir nýju tímar framundan eigi eftir að hjálpa Íslendingum að blómstra og samvinna við erlenda aðila muni njóta góðs af því.

<sup>131</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 5. maí 2000, 1: „Creativity is the backbone of the Icelandic heritage.“

<sup>132</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, 7: „Only by knowing where we have come from can we influence where we are heading.“

<sup>133</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 22

*Íslensk menning hefur jafnan virt mikils hæfileika einstaklinganna til að yrkja ljóð og segja sögur, vera skapandi þátttakendur í samfélagi við aðra. Sá frumlegasti í orðavali naut ætíð mikillar virðingar og skáldin voru í hugum þjóðarinnar ávallt æðri valdsmönnum. Þessi viðhorf hafa flust til atvinnulífsins með íslenska orðinu „athafnaskáld“<sup>134</sup>*

Við erum menningarþjóð – jafnvel athafnamennirnir og þeirra gjörðir eru skáldlegar, ekki eingöngu peningaáherslur heldur er skáldskapurinn merki um tilfinningar og næmni og hina margumtöluðu sköpunargáfu sem einkennir Íslendinga: „...heillandi blanda af frumkvöðlakrafi og sköpunargáfu sem er einkennandi fyrir Ísland.“<sup>135</sup> Það sem vekur athygli er að hin skapandi skáld voru álitin æðri valdsmönnum – það má með sanni segja að þau viðhorf hafi verið allsráðandi hjá *athafnaskáldum* útrásarinnar – eða endurreisnarinnar.

Sköpunarkraft og – gáfu Íslendinga ber reglulega á góma og veltir forsetinn því fyrir sér hvers vegna Íslendingar eru svo móttækilegir og framarlega þegar kemur að sköpun. Sköpun er einkennandi fyrir okkar tíma, hvort sem um ræðir í tæknigeiranum, stjórnáttum, viðskiptum eða listum. Hann veltir því fyrir sér hvers vegna Íslendingar séu svona móttækilegir fyrir sköpun: „Kannski eru Íslendingar sérstaklega móttækilegir fyrir þessum breytingum vegna þess að í okkar landi á sköpun jarðar sér enn stað.“<sup>136</sup> Íslendingar fá þannig sköpunarkraftinn beint í æð úr ólgandi náttúrunni en forsetinn gengur lengra og vísar í sköpunarsögu Biblíunnar:

*Biblían segir að guð hafi skapað heiminn á sex dögum og hvílt sig á þeim sjöunda. Hvort sem við trúum þessu bókstaflega eða ekki, virðist Ísland hafa verið*

---

<sup>134</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 22

<sup>135</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 28. maí 1998, 2: “...fascinating combination of entrepreneurship and creativity which is so uniquely Icelandic.”

<sup>136</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, 9: „Maybe the Icelanders are especially responsive to this transformation because in our country the creation of the Earth is still going on.“

*bakþankar eða hugsanlega gleymdi almættið að hvíla sig þegar kom að Íslandi. Í mínu landi hefur sköpunin haldið stöðugt áfram til þessa dags.*<sup>137</sup>

Forsetinn er á sömu nótum í erindi sínu á ráðstefnunni *Getting ahead* þann 28. maí 1999 og tekur aftur dæmi úr sköpunarsögunni:

*Þegar almættið kom að sköpun Íslands hefur það ( hann eða hún) orðið svo heillað af þessari krefjandi vegferð að það gleymdi að hvílast. Sköpunin hefur haldið áfram frá einu árþúsundi til annars í sögu án endis.*<sup>138</sup>

Ísland er svo einstakt að það er enn í mótun, það tók *Guð* sex daga að skapa heiminn en Ísland er enn ekki fullgert, þúsöldum síðar, og ekki sér fyrir endann á þessari sköpun. Yfirburðirnir sem birtast þarna eru miklir en samkvæmt orðræðunni yfirfærast þeir síðan til fólksins í landinu.

Ísland er því hið *fullkomna* land sköpunar.<sup>139</sup> Sá yfirnáttúrulegi kraftur sem er hér alltumlykjandi hefur því haft þessi áhrif á íbúa landsins: „Fyrir bændurnar, rétt eins og sjómennina er náttúrulegt að vera hugmyndaríkur, að kasta fram stöku eða kvæði í hita leiksins, að stunda heimspekilegar vangaveltur um málefni ríkisins og alþjóðleg málefni.“<sup>140</sup> Hér er dregin upp afar glæsileg mynd af kraftmiklu og gáfuðu fólki sem byggði upp þetta stórfenglega land:

---

<sup>137</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 21. júlí 1997, 9: „*The Bible says that God created the world in six days and rested on the seventh. Whether or not we believe in this literally, Iceland seems to have been an afterthought, or maybe the Almighty forgot to rest when it came to Iceland. In my country the creation has been going on and on until this very day.*“

<sup>138</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 28. maí 1999, 2: „*When the Almighty came to the creation of Iceland he – or she – became so fascinated with this challenging endeavour that he forgot to rest. Here the creation continued, from one millennium to the next, in a never-ending story.*“

<sup>139</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 28. maí 1999, 2: „*... Iceland has thus been the quintessential country of creation...*“

<sup>140</sup> Ólafur Ragnar Grímsson: „*To the farmers as well as the fishermen it is natural to be an innovator, to produce verse and short poems on the spur of the moment, to voice profound philosophical views on matters of state and global importance.*“



*Þeir Evrópsku ferðamenn sem heimsóttu Ísland við síðustu aldamót urðu furðu lostnir yfir því að finna lærða og frumlega hugsuði í torfkofum bóndabæjanna, sem gátu haldið uppi fjölbreyttum samræðum um mikilvæg vandamál sem sneru að mannkyni og hinum siðmenntaða heimi.<sup>141</sup>*

Hin margbrotna reynsla sem við höfum gengið í gegnum í aldanna rás gerir okkur að því sem við erum. Samspil óblíðrar og óútreiknanlegrar náttúru, harðræðis, gullaldar og niðurlægingartímabils, baráttu og sköpunar er það sem kemur m.a. fyrir þegar forsetinn var spurður af erlendum aðilum hver lykillinn að velgengni íslenskra athafnamanna, á tímum útrásarinnar, á alþjóðavettvangi væri. Hann vildi ekki láta það uppi hver uppskriftin væri að velgengninni en var fús til að gefa nokkrar vísbendingar sem gætu útskýrt velgengni Íslendinga. Þessar vísbendingar eða eiginleikar koma síðar margoft fyrir þegar leitast er við að útskýra árangur Íslendinga í viðskiptum. Þessir eðlislægu eiginleikar, sem gera Íslendinga frábrugðna öðrum og útskýra velgengni þeirra, eru ekki nýir af nálinni samkvæmt orðræðu forsetans um hina náttúrulegu hugsuði, sem bjuggu í torfkofum og vöktu undrun Evrópubúa áður fyrir:

*Það er forvitnilegt umræðuefni hvernig menning og saga móta útrásina, hvernig eiginleikar sem eiga sér rætur í arfleifð okkar gefa Íslendingum hugsanlegt forskot á alþjóðavelli, hvernig vitund og venjur sem um aldir mótuðu samfélagið hafa reynst útrásarsveitinni haldgott veganesti.<sup>142</sup>*

Forseti Íslands útskýrði þá eðlislægu eiginleika Íslendinga í erindi sínu á Sagnfræðipingi 2006. Þessir eiginleikar eru það, sem gerir Íslendinga sérstaka, og varpa ljósi á velgengni þeirra:

---

<sup>141</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 28. maí 1999, 2: „*The European travellers who visited Iceland before the turn of this century became astounded to find, in the turf farmhouses, learned and original thinkers who could hold their own in wide-ranging discussions on the essential problems facing humanity and the civilised world.*“

<sup>142</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 2

- 1) *Vinnusemi* sem er arfur frá því að allir þurftu að leggjast á árarnar og koma björg í bú.
- 2) *Áhersla á árangur* frekar en tímafrekt og nákvæmt ferli.
- 3) *Þor og áhætta*: „kannski vegna þess að lífi sjómannsins fylgir jafnan hættu og útrásin er eins konar róður á ný mið.“<sup>143</sup> Það er einnig ýtt undir áhættusækni og þor því það er í lagi að snúa aftur heim ef illa fer þar sem öryggisnetið og velferðarsamfélagið gerir okkur kleift að sækja fram og gera mistök.
- 4) *Skrifræðisbáknið er ekki til staðar* og þess vegna eru samskiptaleiðirnar stuttar og persónulegar.
- 5) *Traust* í smáu samfélagi er mikilvægt og því er hægt að hefjast handa og framkvæma á hraðari hátt.
- 6) *Auðvelt að koma á samstarfi* og það er líka vegna smæðar og vegna þess að við erum laus við þunglamalegt skrifræði.
- 7) *Skipstjórnin er enn í brúnni* nema nú eru það nútímastjórnendur – frumkvöðullinn stýrir ferðinni.
- 8) *Arfleifðin*: „Athafnamenn okkar tíma eru ærið oft metnir á slíkan kvarða og litið á þá sem arftaka hefðar sem á sér rætur í upphafi Íslandsbyggðar.“<sup>144</sup>
- 9) *Mannorðið er dýrmætt*: „Það dugir Íslendingum lítt til sæmdar að brjótast áfram í öðrum löndum með aðferðum sem eru vafasamar því orðstírinn kann að tapast í slíkri för.“<sup>145</sup>
- 10) *Sköpunarkrafturinn* sem hefur alltaf verið styrkur Íslendinga en er ekki á neinn hátt sjálfgefin heldur afrakstur menningar og þjóðarminnis: „Hann er gjöf sem fyrri ár og aldir hafa fært nútímanum og verðmætasti höfuðstóll útrásarinnar.“<sup>146</sup>

---

<sup>143</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 10

<sup>144</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 11

<sup>145</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 11

<sup>146</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 12

Á ráðstefnu í Kaupmannahöfn árið 2003 taldi forsetinn upp *sex* aðriði sem einkenndu íslenskt efnahagslíf en eftir því sem tíminn leið og velgengnin jókst bættust við fleiri einkenni sem gátu útskýrt velgengnina. Á þessari sömu ráðstefnu í Kaupmannahöfn hvatti forsetinn danska fjárfesta til að líta til Íslands en eins og vitað er voru Danir einna gagnrýnastir á útrás Íslendinga.<sup>147</sup>

Í orðræðu forseta kemur einnig fram að Íslendingar hafi alltaf verið frumlegir, óheflaðir og djarfir. Það er ekkert nýtt að *athafnaskáldin* fari geyst fram og komi öðrum á óvart með framgöngu sinni og hegðun því þannig hefur það verið frá þeim tíma er: „Snorri Sturluson taldi sig hæfastan til að rekja Norðmönnum sögu heimsins og ævi konunga þeirra allt aftur til Óðins, skrifaði Eddu sem nýttist öðrum skáldum til leiðbeiningar.“<sup>148</sup> Rétt eins og Snorri Sturluson skrifaði *Edduna*, sem hefur nýst þeim sem á eftir komu, eru Íslendingar hvað eftir annað sýndir sem einhverskonar yfirburðakyn. Þeir eru því eins og forystusauðir, sem taldir eru búa yfir meðfæddum eiginleikum, sem meðalrollan hefur ekki, hjörðin eltir hann því möglunarlaust í von um grösuga beit. Lýðræðisþróun Vesturlanda átti sér m.a. stað á Íslandi, Íslendingar voru fyrstu landnemar í Ameríku, en kusu að halda því bara fyrir sig, og svo kom Kólabúss og hefur síðan fengið heiðurinn af Landafundunum. Íslendingar sigra gamlar herraþjóðir, uppgötva ný lönd og breyta þróun alþjóðaviðmiða með baráttu sinni fyrir aukinni landhelgi. Þeir vinna sig fljótt og vel frá því að vera með fátækustu ríkjum Evrópu upp í að vera með þeim ríkustu.

Snemma á tímabilinu, í ræðu frá 2002, dregur forsetinn heldur úr þeirri skýringu, frekar en að styðja hana, að árangur okkar í viðskiptum megi eingöngu rekja til sérstöðu okkar og þjóðareinkenna, en það á síðar eftir að breytast:

*Þótt landar mínir hafi tilhneigingu til að áréttta sérstöðu okkar á mörgum sviðum  
– og sú árátta á sér djúpar rætur í menningu okkar, sjálfsvitund og sögu – þá*

---

<sup>147</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 23. október 2003, 12: „Danish investors would certainly be welcomed in Iceland: our joint cultural heritage creates a favourable atmosphere of trust and mutual confidence.“

<sup>148</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 15. apríl 2002, 2

*efast ég um að þennan árangur eigi fyrst og fremst að skýra með tilvísun til íslenskra þjóðareinkenna. Þvert á móti tel ég að reynsla Íslendinga sé ágætur vitnisburður um möguleika smárra ríkja til að hagnýta sér hin hagrænu tækifæri einkum ef þau bera gæfu til að stjórna jafnframt eigin málum af festu, aga og framsýni, ná að skapa jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu.<sup>149</sup>*

Í sömu ræðu frá árinu 2002 er forsetinn mun gagnrýnni á þjóðareinkennin en síðar birtist. Hann samþykkir ekki að árangur Íslendinga á alþjóðavettvangi megi eingöngu rekja til þjóðareinkennanna, sem eiga sér djúpar rætur í sjálfsvitundinni, heldur sé þetta einmitt merki um hvernig smáriki getur og hefur fært sér alþjóðavæðinguna í nyt. Í seinni ræðum forsetans eykst svo áherslan á þjóðareinkennin. Í þessari ræðu frá 2002 er meira um varnagla og fyrirvara en oft í orðræðu hans; t.d. þegar hann fjallar um vinnusemi sem hefur verið litið á sem dyggð í íslensku samfélagi, þá bendir hann á að þessum eiginleikum geti fylgt félagsleg vandamál þegar kemur að umönnun barna vegna mikillar vinnu foreldra.<sup>150</sup> Í ræðunni fjallar hann einnig um hið góða velferðarkerfi sem hefur tekist að samþætta sveigjanlegu og kröftugu efnahagslífi en jafnframt talar hann um:

*Návígíð sem smæðin skapar knýr líka á um virka samhjálp til hliðar við kerfið sjálft og þegar áföll verða hjá einstaklingum og fjölskyldum eru margir reiðubúnir að rétta hjálparhönd.<sup>151</sup>*

Það má því benda á ákveðna mótsögn eða áherslubreytingu í orðræðu hans, í þessari ræðu frá 2002 er hægt að greina varnagla og bendir hann á neikvæðar afleiðingar sem fylgja vinnuseminni, félagsleg vandamál sem tengjast fjarveru foreldra og í raun ekki nægilega gott velferðarkerfi. Síðar tekur svo forsetinn undir þær raddir, sem hann hafði

---

<sup>149</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 3

<sup>150</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 10

<sup>151</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 9

áður ekki verið sammála, sem töldu *vinnusemina* vera eina helstu útskýringarbreytu á velgengni Íslendinga á tímum útrásarinnar.

Á sagnfræðipingi árið 2006 hefur orðræðan breyst og er lykillinn að þeirri velgengni sem útrásin hefur skilað sagður felast í: „menningunni, arfleifðinni sem nýjar kynslóðir hlutu í vöggugjöf, samfélaginu sem lífsbarátta fyrri alda færði okkur, viðhorfum og venjum sem eru kjarninn í siðmenningu Íslendinga.“<sup>152</sup>

Þessa áherslubreytingu í orðræðu forsetans má fyrst sjá í ræðu, sem hann hélt í Kaupmannahöfn 2003, og síðan þeim sem á eftir fylgdu. Í ræðu, sem hann flutti í Walbrooks Club í London 2005, er hann fenginn til að útskýra þessa velgengni, sem sé öllum heiminum þvítík ráðgáta. Hann tekur undir að það sé vissulega einstakt að þessi litla þjóð hafi unnið alla þessa *sigra* á alþjóðamörkuðum. Hann telur helstu ástæðuna fyrir vasklegri framgöngu Íslendinga ef til vill liggja í þreföldum sigri Íslendinga á breska sjóhernum í landhelgisdeilunni:

*Í hvert sinn sendu Bretar sjóherinn til að stöðva okkur en í hvert sinn sigruðum við - eina þjóðin sem hefur sigrað breska sjóherinn, ekki einu sinni, heldur þrisvar. Sem er einstakur árangur, það er ekkert skritið að hinir ungu útrásarvikingar séu komnir til Lundúna fullir sjálfstrausts og tilbúnir að takast á við heiminn.*<sup>153</sup>

Forsetinn fjallar einnig um þær alþjóðlegu breytingar, sem hafa átt sér stað og hafa ýtt undir velgengnina; endalok kalda stríðsins, alþjóðavæðinguna, upplýsingabyltinguna sem opnaði dyrnar fyrir frumkvöðli í íslenskri sveit. En í þessu erindi útskýrir hann *íslenska undrið* m.a. með þeim eiginleikum, sem eru flestir mótaðir af arfleifð okkar,

---

<sup>152</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 4

<sup>153</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 3. maí 2005, 2: *Each time Britain sent the Navy to stop us but each time we won – the only nation on earth to defeat the British Navy, not once but three times. With this unique track record, it is no wonder that young entrepreneurial Vikings have arrived in London full of confidence and ready to take on the world.*“

menningu og samfélagi. Arfleifðin eða eðlislægir eiginleikar Íslendinga verða því að helstu ástæðu velgengi íslenskra athafnamanna.

### 5.3 „Allur heimurinn er leikvöllur þeirra.“<sup>154</sup>

*Útrásin er ... staðfesting á einstæðum árangri Íslendinga, fyrirheit um kröftugra sóknarskeið en þjóðin hefur áður kynnst, ekki aðeins í viðskiptum og fjármálaglafi heldur einnig í vísindum, listum, greinum þar sem hugsun og menning, arfleifð og nýsköpun eru forsendur framfara.<sup>155</sup>*

Þessi orðræða er ekkert einsdæmi, heldur kemur síendurtekið fyrir í gegnum tímabilið. Ýmist er talað um endurreisnartímabil, sóknarskeið eða blómaskeið. Það eru nýir og spennandi tímar framundan með alþjóða- og upplýsingavæðingu og smáríkin eiga þar möguleika til jafns við önnur ríki. Endurreisnin, tímabilið sem kom á eftir miðöldum á Ítalíu og síðar í Evrópu, einkenndist m.a. af einstaklingsframtakinu og því af hinum ytri veruleika var gefinn gaumur eftir hinn innhverfa og myrka tíma miðalda. Forseti setur smárikið Ísland í samhengi við Flórens á miðöldum en þar átti endurreisnin upptök sín: „Við skulum ekki gleyma borginni Flórens á miðöldum, sem hafði íbúatölu ekki ósvipaða og Ísland í nútímanum.“<sup>156</sup> Ísland er hér tengt afar merkum sögulegum tíma og atburðum sem höfðu áhrif á heimsbyggðina. Hér kemur einnig fram, að þrátt fyrir smæðina, getur Ísland verið leiðandi á heimsmeðlíkvarða, rétt eins og Flórens á tímum endurreisnarinnar.

Í ræðum forsetans er fjallað um hina svokölluðu *gullöld* Íslendinga, að landnámsöldin: „sé á vissan hátt upphafið að þessu öllu saman og þjóðveldið hafi fært okkur fyrirmynd sem efldu

---

<sup>154</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 23. október, 7: „The entire world is their playing field.“

<sup>155</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 2

<sup>156</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 11: „And let us not forget the city of Florence in medieval times, which then had a population similar to the size of modern Iceland.“

sóknarandann.<sup>157</sup> Þegar landnámsmenn höfðu komið sér fyrir á Íslandi skrifuðu þeir sögu sína og komu á lýðræði á meðan íbúar Evrópu vöfrudu um í myrkri miðalda.

Eftir lok kalda stríðsins og síðar alþjóðavæðingu opnast heimurinn og hindranir hverfa. Ríki geta nú horft út á við, hömlur hafa horfið og frelsi til athafna er nánast ótakmarkað. Ný gullöld er að koma fram hjá Íslendingum, nýtt endurreisnarskeið. Hið alþjóðavædda hagkerfi getur „fært smárikjunum sannkallað endurreisnarskeið.“<sup>158</sup> Okkur, Íslendingum, eru nú allir vegir færir.

Áhersla á hið alþjóðlega ásamt hinum íslensku dyggðum er áberandi í orðræðu forsetans, Íslendingar sækja sér menntun út fyrir landsteinana, sem gerir þá að sönnum heimsborgurum, en hinn íslenski uppruni gleymist ekki:

*Við Íslendingar njótum nú þeirrar blessunar að hæfileikarík kynslóð er að hasla sér völl í viðskiptum, vísindum, menningum og listum. Hún hefur hlotið bæði íslenska og alþjóðlega menntun og er greinilega staðráðin í að vera í senn góðir Íslendingar og sannir heimsborgarar á hæfnisvöllum samkeppninnar sem nú ræður mestu um framfarir í veröldinni.<sup>159</sup>*

Vegna þess að Íslendingar hafa þurft að sækja sér menntun erlendis, vegna smæðar landsins, hefur orðið hér „eins konar blöndunarstöð þar sem menntastraumar frá ýmsum löndum tengdust á skapandi hátt. Í stærri ríkjum er tilhneigingin til að afla sér menntunar eingöngu á heimaslóð en smáriki eru knúin til að leita víða fanga.“<sup>160</sup> Þessir mennta- og menningarstraumar geta því verið verðmæt auðlind á tímum þar sem menntun er forsenda hagvaxtar að mati forsetans; sem sýnir sig ekki bara í efnahagslegri þróun heldur á öllum sviðum samfélagsins rétt eins og var á tímum endurreisnarinnar. Það framfaraskreiði, sem við

---

<sup>157</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 10. janúar 2006, 3

<sup>158</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 15

<sup>159</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 18. apríl 2000, 4

<sup>160</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 7

stóðum frammi fyrir í lok síðustu aldar og byrjun þessarar, þegar hagkerfi heimsins opnuðust og allir gátu tekið þátt var kjörinn fyrir hæfileikaríka Íslendinga til að láta til sín taka:

*Sköpunarkrafturinn sem fyrr á öldum var innblástur Íslendingasagnanna og hinna ódauðlegu Eddukvæða hefur í nútímanum gefið nýrri kynslóð Íslendinga möguleika og sjálfstraust til að hafa áhrif á hnattræna þróun og umbylta íslenska hagkerfinu, samfélagi og menningu svo við getum viðhaldið ágæti okkar á nýrri öld.<sup>161</sup>*

Í sömu ræðu og hér að ofan, en hún var haldin í tilefni opunar Kaupþings í Lúxemborg árið 2000, fjallar forsetinn um hin nýju tækifæri og hvernig Íslendingar geta bæði verið góðir og sjálfstæðir Íslendingar þó svo að þeir leiti á ný og alþjóðleg mið:

*Ég vona að árangur ykkar verði ungum Íslendingum sönnun þess að það er hægt að vera í senn góður Íslendingur og glæsilegur fulltrúi þess besta sem gerist í veröldinni, að tækifæri Íslendinga í hinu nýja hagkerfi heimsins jafnast á við það besta sem gerist í öðrum löndum, að við getum svo sannarlega sameinað að vera í senn sjálfstæð þjóð og raunverulegir heimsborgarar í hugsun, viðskiptum og framgöngu allri.<sup>162</sup>*

Í upphafi nýrrar aldar fer forseti Íslands víða og fjallar um sóknarskeið Íslands og telur upp einstakan árangur, sem hefur náðst á skömmum tíma. Íslendingar skara fram úr m.a. í fiskveiðistjórnun, flugumferðarstjórnun, genarannsóknun og upplýsinga- og tölvutækni. Forsetinn áttar sig sjálfur á því að hann er að mála upp ansi jákvæða mynd af Íslandi og kannski nokkuð óraunhæfa, jafnvel drambsama, fyrir þá sem ekki þekkja til:

---

<sup>161</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 18. apríl 2000, 5: „*The creativity which centuries ago inspired the writing of the Icelandic sagas and the immortal Edda Poems has in modern times given the new generation of Icelanders ability and confidence to influence the global evolution and to transform the Icelandic economy, our society and our culture so we can maintain our excellence in the new century.*“

<sup>162</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 18. apríl 2000, 6



*Ég geri mér grein fyrir því að mála sögu hinnar íslensku velgengni á þennan hátt sýnir bjartsýnamynd, jafnvel glansmynd, af ástandinu. En staðreyndin er sú að þeir möguleikar sem hafa opnast við hið nýja hátæknivædda hnattræna hagkerfi henta, hinni séríslensku sköpunar- og frumkvöðlagáfu, einkar vel.<sup>163</sup>*

Í ræðu frá 1999 fjallar forsetinn um mikilvægi þess að vera vel í stakk búinn fyrir þær gríðarmiklu framfarir sem eru framundan, ekki bara að allir innviðir samfélagsins séu tilbúnir heldur einnig lagalegt umhverfi okkar:

*Verkefni okkar er einfaldlega að vera viss um að hagkerfið, stofnanirnar, fyrirtækin, fjármálakerfið og lagaramminn sé byggð upp á þann hátt að notaðir séu þessir meðfæddu hæfileikar, því þeir verða mikilvægasta uppspretta framfara á 21. öldinni.<sup>164</sup>*

Í þessum orðum felst kannski það sem hefði þurft að tryggja betur til að koma í veg fyrir efnahagshrunið á Íslandi. Ef betur hefði verið gætt að lagarammanum, innviðum og reglugerðum hefði mögulega betur farið. Þessi varnarorð eða vangaveltur sáust ekki aftur á því tímabili sem skoðað var.

Þeim gagnrýnisröddum sem heyrðust svaraði forsetinn m.a. með þeim orðum að vissulega væri ójafnvægi í efnahagsmálum á Íslandi þá stundina en það væri ekki nýtt af nálinni:

*Ég get fullvissað ykkur um að ókyrrðin sem er núna er smávægilegileg miðað við stormana, sem ég stóð frammi fyrir þegar ég var fjármálaráðherra seint á níunda*

---

<sup>163</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 5. maí 2000, 6: „I realize that presenting the Icelandic success story in this way produces an optimistic; even a glorified picture, but the fact of the matter is that the opportunities opened by the new high-tech global economy are particularly well suited for the Icelandic sense of creativity and entrepreneurship.“

<sup>164</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 1999, bls. 5: „Our task is simply to make sure that the economy, the institutions, the enterprises, the financial services and the legal frameworks are constructed in such a way as to ensure the use of these inherited capabilities because they will indeed be the most profound resource for progress in the 21<sup>st</sup> century.“

*áratugnum. Þá tókst okkur að sigla þjóðarskútunni í átt að efnahagslegum stöðugleika, sem við nutum um langa hríð.<sup>165</sup>*

Með þessum orðum slær hann á þær áhyggjur og spurningar, sem erlendir aðilar lýstu yfir. Með því að tengja sig persónulega við ástandið gefur það ákveðin fyrirheit um að þetta verði allt í lagi. Í sama erindi viðurkennir hann þó að íslenskir aðilar hefðu átt að útskýra ástandið mun betur, en það skrifast á *arfleifðina*, því Íslendingar eru gjarnir á að halda hlutunum fyrir sig:

*Við verðum að játa að við hefðum getað staðið okkur betur í að útskýra stöðu okkar; en þið verðið samt að muna að íslendingar eru þjóð sem uppgötvaði Ameríku fyrir 1000 árum og sagði engum frá því. Við rituðum þá sögu bara í bækur handa sjálfum okkur í texta sem engin skildi nema við. Þessvegna fékk Christopher Columbus allann heiðurinn þegar hannhrasaði um Ameríku 500 árum síðar.<sup>166</sup>*

Hér má greina gamansaman tón en engu að síður eru yfirburðir Íslendinga í forgrunni. Það má líka líta á frásögnina um landafundina sem leið til að koma afrekum Íslendinga á framfæri á góðlátlegan hátt. Forsetinn setur hér trúverðugleika sinn, sem fyrrum fjármálaráðherra og nú forseti, að veði þegar hann fullvissar fjölmiðla um að ástandið á Íslandi sé viðráðanlegt.

Í nýrri ræðum forseta Íslands – eftir hrun – hefur orðið áherslubreyting og aðal áherslan á umhverfis-, orku- og norðurslóðamál. Orðræðan er þó keimlík, í stað dugmikilla athafnaskálda sem hyggja á landvinninga eru Íslendingar nú fremstir í flokki þegar kemur að

---

<sup>165</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 14: „*Let me assure you that the present disturbance are small compared the storms I faced when I became Minister of Finance in the late 1980s. Then we succeeded in steering the ship of state towards an era of economic stability which we consequently enjoyed for a long period of time.*“

<sup>166</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 24. maí 2006, 15: „*We have to admit, however, that we could be more active in explaining our case; but then you have to remember that we Icelanders make up the nation that discovered America 1000 years ago but did not tell anyone about it. We only wrote the story down in books for ourselves, in texts we alone could understand. Consequently, Christopher Columbus got all the glory when he stumbled upon America 500 years later.*“

hreinni orku og málefnum norðurslóða. Enn er fjallað um yfirburði, einstaka getu og hæfileika Íslendinga til að fara fyrir þessum málaflokkum. Það má því kannski segja að þrátt fyrir að skipt hafi verið um viðfangsefni að þá er orðræðan enn á svipuðum nótum og hún var fyrir hrun og á því tímabili sem rannsakað var.

## 6 Umræður

Hér hefur verið greint frá niðurstöðum innihalds- og orðræðugreiningar og verður nú leitast við að setja niðurstöðurnar í samhengi við þann fræðilega grunn sem var til grundvallar. Einnig mun ég draga ályktanir og reyna að svara þeirri meginspurningu sem ég lagði upp með: *hvaða sjálfsmynd þjóðar birtist í orðræðu forseta Íslands á alþjóðavettvangi*. Í fyrri kafla var farið ítarlega yfir þau meginþemu sem í ljós komu við greininguna og nú eru þau sett í samhengi við kenningarammanna sem kynntur var í kafla 2.

### 6.1 Smárikið Ísland í orðræðu forseta Íslands

Smæð ríkisins kemur mjög oft við sögu er því helsta þrástef orðræðunnar. Sjálfsmynd Íslands mótast greinilega af stærð, eða öllu heldur smæð þess, smæðin er upphafin og að lokum er hún einn helsti kostur Íslands. Smæðin gegnir því stóru hlutverki og verður það þrástef sem er ríkjandi.

Andstæðupör má finna í orðræðunni og þá í tengslum við smæð landsins. Andstæður eru dregnar fram og bornar saman, til dæmis smárikið Ísland og samskipti þess við stórveldi á borð við Kína, Bandaríkin, Evrópu eða Rússland. Um kosti Íslands er ekki deilt og á endanum er hið smáa Ísland með yfirburðastöðu. Eiginleikar og arfleifð Íslands verða þannig að slíkum kostum að fá ríki komast með tærnar þar sem Ísland hefur hælana. Ísland er meira að segja sett út fyrir sviga þegar kemur að sköpunarsögunni í meðförum forsetans, þar sem *guð* skapaði heiminn á sex dögum en er enn að vinna við sköpun Íslands. Ísland er leiðandi þegar kemur að lýðræði og mannréttindum og er reglulega sýnt sem einhverskonar yfirburðaríki í samanburði við aðra. Áberandi er hin ríka áhersla á hið sértæka sem gerir Ísland frábrugðið og einstakt. Á móti kemur þörfin fyrir að fá að vera þjóð á meðal þjóða og sýna fram á að við

séum alveg *nógu* góð, þrátt fyrir að vera svona lítil. Þessar áherslur kallast á við kenningar um þjóðernisstefnu og þörfina fyrir að vera sérstakur en um leið altækur (e. particular and universal). Við viljum fá að vera með og eiga hlutdeild á alþjóðlega sviðinu.<sup>167</sup> Þörfin fyrir alþjóðlega viðurkenningu er ekki ný af nálinni og má einnig sjá hana hana í doktorsriti Sigríðar Matthíasdóttur þar sem hún fjallar um Alþingishátíðina 1930 sem gekk undir nafninu *alþjóðahátíðin*.<sup>168</sup> Sjálfsmyndarsköpunin á sér að miklu leyti stað í hugmyndinni um stærð og stöðu ríkis út frá *hinum* í alþjóðakerfinu. Áherslan er á hið sértæka en um leið er þráin til að tilheyra og passa inn í hópinn afar sterk. Þetta birtist sterkt í orðræðu forseta Íslands.

Samkvæmt kenningum Michael Billig um hversdagslega þjóðernisstefnu eru smáorð ekki síður mikilvæg en stóru orðin þegar þjóðernisstefnu er viðhaldið í daglegu lífi. Í ræðum forseta Íslands má sjá hvernig hann notar þau ítrekað þegar hann leggur áherslu á Ísland eða það sem snýr að ríki eða þjóð. Forsetinn leggur áherslu á sameininguna með smáorðinu *við* og kemur samsetningin *við Íslendingar* ítrekað fyrir. Með þessari orðanotkun er ýtt undir samsömun og samkennd sem er undirstaða sameiginlegra minninga. Hið sameiginlega býr einna sterkast í mótstöðu og erfiðleikum og þar verður hlutverk forseta einna mikilvægast. Það er hlutverk hans að vera sameiningartákn þjóðarinnar og stappa í hana stálinu. Samkvæmt þjóðernisstefnunni fá leiðtogar þjóðarinnar á sig guðlega ásjónu ef þeim tekst að leiða hana í gegnum erfiðleika.<sup>169</sup> Í tilfalli Íslands má sjá að Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, hafði yfir sér þessa guðlegu ásjónu. Hún var mikið sameiningartákn og fékk m.a. það erfiða hlutverk að leiða þjóðina í gegnum hina hörmulegu atburði þegar snjóflóðin á Súðavík féllu í janúar 1995. Í nýlegri könnun MMR sem gerð var í apríl 2014 kemur fram að um þriðjungur þjóðarinnar lítur á núverandi forseta Íslands sem *fæddan leiðtoga*. Margir líta á hann sem sameiningartákn eftir efnahagshrunið og með afstöðu sinni til Icesave þar sem hann titlaði sig sem *öryggisventil* þjóðarinnar náði hann að styrkja stöðu sína og var svo endurkjörinn forseti.<sup>170</sup>

---

<sup>167</sup> Michael Billig, 1995, 86-87

<sup>168</sup> Magnús Jónsson, 1943, 155

<sup>169</sup> Anthony Smith, 1991, 35

<sup>170</sup> Könnun MMR apríl 2014. Sótt 29. apríl á: <http://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/397>

## 6.2 Íslensku athafnaskáldin í orðræðu forseta Íslands

Hinir *eðlislægu eiginleikar* Íslendinga eru fyrirferðamiklir í orðræðu forsetans en það sem kom einna helst á óvart var að *klappstýruhlutverkið*, sem hefur loðað við forseta Íslands m.a. vegna framgöngu hans í þágu útrásarinnar, er ekki sýnilegt í upphafi. Í ræðum á fyrsta hluta embættistímabilsins dregur forsetinn í efa þær útskýringar að velgengni íslenskra athafnamanna byggist á *eðlislægum eiginleikum*. Hann bendir aftur á móti á fleiri hluti sem þurfi að líta til, m.a. þá staðreynd að Ísland sé smáríki og í því felist mörg tækifæri. Síðar meir átti þetta eftir að breytast og verður í orðræðunni ein meginforsenda velgengninnar. Í orðræðu forsetans má líta á upphafningu *athafnaskáldanna* og þau sumpartinn yfir lög og reglu hafin: „*Sá frumlegasti í orðavali naut ætíð mikillar virðingar og skáldin voru í hugum þjóðarinnar ávallt æðri valdsmönnum. Þessi viðhorf hafa flust til atvinnulífsins með íslenska orðinu „athafnaskáld“*“.<sup>171</sup>

Hvers vegna þetta breyttist er ekki ljóst en það má þó velta því fyrir sér að forsetinn hafi snúist á sveif með athafnaskáldunum eftir því sem leið á tímabilið og litast af stöðunni í samfélaginu. Áður hafði hann staðið utan elítunnar á einhvern hátt, kannski vegna fyrrum stöðu sinnar sem fræði- eða stjórnmalamaður.

Í doktorsriti<sup>172</sup> Sigríðar Matthíasdóttur í sagnfræði er sömu einkennum og yfirburðum Íslendinga haldið á lofti á aldamótaárunum 1900 en þá var tími mikilla pólitískra umskipta á Íslandi.<sup>173</sup> Á þessum tíma var ofuráhersla á hina þjóðlegu gullöld sem fyrirmynd og má sjá hliðstæðu í orðræðu forseta Íslands þegar hann talar um endurreisnarskeið og tengir það líka *gullöld*. Það er því margt líkt með valdhöfum fyrri tíma og seinni þegar kemur að því að búa til og viðhalda ákveðinni þjóðarímynd eða sjálfsmynd. Sú þjóðarsjálfsmynd sem hefur verið haldið á lofti í gegnum söguna verður því að viðteknum hugmyndum Íslendinga um sig sjálfa – *hinn sanna Íslending*.

---

<sup>171</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 20. maí 2002, 22

<sup>172</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004.

<sup>173</sup> Sigríður Matthíasdóttir, 2004, 359

Sigríður sýnir fram á að *eðli* Íslendinga, sem haldið var á lofti, var ekki að rekja til arfleifðarinnar heldur voru þetta pólitískar nýjungar sem ráðamönnum þótti mikilvægt að Íslendingar tileinkuðu sér, s.s. einstaklingshyggja og hugmyndir um skynsemi og frelsi. Þessar hugmyndir kallast einnig á við kenningar Laurajane Smith en hún telur að hinn sameiginlegi menningararfur sé í raun og veru ekki til, eða hafi ekki verið til í fortíðinni, heldur mótaður af ríkjandi valdhöfum, eða hagsmunahópum, og sé birtingarmynd nútíðarinnar en ekki fortíðar.<sup>174</sup> Þessar hugmyndir kallast einnig á sambærilegar hugmyndir Guðmundar Hálfðanarsonar sem voru kynntar í kafla 2.2.

### 6.3 Einradda samfélag

Í nýársávarpi forseta Íslands 2014<sup>175</sup> fjallaði hann um samstöðu þjóðarinnar í erfiðum málum á borð við þau sem að snéru að myndun stjórnarskrárinnar, heimastjórninni, fullveldinu og lýðveldisstofnunni. Einnig tekur hann útfærslu á landhelginni sem dæmi og Icesave. Guðmundur Hálfðanarson, sagnfræðingur, tekur ekki undir meinta samstöðu og bendir á að leitin að sameiginlegri sátt sé mikilvæg fyrir valdhafa samfélagsins: „Þetta er auðvitað grundvallarhugmynd í þjóðernislegrri sýn á pólitík og annað slíkt“ segir hann og bendir jafnframt á að um þau mál sem forsetinn lagði til grundvallar hefði ríkt deilur á sínum tíma og engin fullkomin sátt verið: „Það er grundvallarhugmynd þjóðernishyggjunnar að leggja áherslu á þjóðarsátt.“ Segir Guðmundur jafnframt í viðtali við RÚV.<sup>176</sup> Sáttin sem forseti Íslands talar um er því ekki raunveruleg heldur hluti af því að þjappa þjóðinni saman og ýta undir samheldni. Samþjöppunin verður svo liður í að skapa sameiginlegar minningar og sjálfsmynd þjóðar. Þær minningar ýta svo undir samheldni og horfa fram hjá ósættinu, rétt eins og Guðmundur hefur bent á.

---

<sup>174</sup> Laurajane Smith.

<sup>175</sup> Ólafur Ragnar Grímsson, 1. janúar 2014 [http://www.forseti.is/media/PDF/2014\\_01\\_01\\_Aramotaavarp.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2014_01_01_Aramotaavarp.pdf). Sótt 5. janúar 2014.

<sup>176</sup> Guðmundur Hálfðanarson, 2. Janúar 2014. <http://www.ruv.is/frett/samstada-thjodarinnar-er-godsogn>, sótt 5. janúar 2014.

Þegar við lítum til rannsóknar Sigríðar Matthíasdóttur og þeirra þjóðernisgoðsagna sem haldið var á lofti á Íslandi um aldamótin 1900 má sjá greinilega hliðstæðu í orðræðu forsetans þegar kemur að hugmyndum um eðliseinkenni Íslendinga. *Hinn sanni Íslendingur* á ekki síður við í ríkjandi orðræðu forsetans og þeirra sem hönnuðu sjálfsmynd Íslendinga fyrir hundrað árum. Í niðurstöðum Sigríðar kemur einnig fram að sú sjálfsmynd sem haldið var á lofti átti einungis við lítinn hluta þegnanna eða valdamikla borgaralega karla. Það væri áhugavert að bera athafnaskáldin, sem forsetinn hefur svo miklar mætur á, við niðurstöður Sigríðar. Eru athafnaskáld nútímans *hinn sanni Íslendingur*?

Það er líka áhugavert að sjá hvernig yfirburðahæfileikarnir sem er sífellt verið að tala um hafa áhrif á þegnana. Þegar fólki er talið trú um að það sé af yfirburðakyni og búið snilligáfu hlýtur það að fara að trúa því sjálft. Það er því kannski ekkert skrytið að útrásarvíkingarnir hafi ofmetnast og farið geyst fram hvattir áfram af sjálfum forseta Íslands. Fólk hefur einnig tilhneigingu til þess að vilja standa sig og ekki valda vonbrigðum, það má því velta því fyrir sér hvað hefði gerst hefði forseti Íslands ekki tekið upp þessa orðræðu í upphafi aldarinnar. Hefði útrásin ekki orðið eins mikil og þar af leiðandi fallið ekki eins hátt?

Sé þetta dregið saman má sjá greinilegar hliðstæður í orðræðu forseta Íslands á þessu tímabili og þeirrar sjálfsmyndarsköpunar ríkis sem átti sér stað á Íslandi 1900-1930. Í niðurstöðum Sigríðar Matthíasdóttur kemur aftur á móti í ljós að þeir *eðlislægu eiginleikar*, sem upphafnir voru sem hluti af arfleifðinni, voru nýjar pólitískar hugmyndir. Þær hugmyndir lifa því enn góðu lífi og er litið á þær sem eðlislæga eiginleika Íslendinga sem þeir hafa þróað með sér eða fengið í arf. Það sýnir einna best hvernig hin sameiginlega þjóðarminning verður að þjóðargöðsögnum sem eru af pólitísku meiði – líkt og Guðmundur Hálfðanarson bendir á – og eru til þess fallnar að stjórna og stýra þegnum ríkisins í pólitískum tilgangi. Samkvæmt kenningum um þjóðernisstefnu er orðræða forseta Íslands því nokkuð dæmigerð til þess að búa til samkennd, samsömun og sameiginlegar minningar þjóðarinnar. Forsetinn hefur m.a. fjallað um sameiningarkraft þjóðarinnar á erfiðum tímum og erfiðum málum sem Guðmundur Hálfðanarson hefur rakið og bent á að hvorki sé hægt að tala um samróma né sameiginlega afstöðu í Icesave málinu, Landhelgisdeilunni eða sjálfstæðisbaráttunni. Um þau mál hafði þvert á móti ríkt mikil óeining.

Í orðræðu forseta Íslands er ákveðinni sjálfsmynd haldið á lofti sem er til þess fallin að stuðla að samþjöppun og sameiningu þjóðarinnar. Í orðræðunni er vissum eiginleikum hampað sem



ýtir undir að þegnarnir upplifi sig sem hluta af sérstakri og merkilegri þjóð. Þar með er búin til sameiginlega fortíð og ákveðnum þjóðernisgoðsögnum viðhaldið, sem hafa verið við lýði, í a.m.k. 100 ár. Þeim er viðhaldið í ríkjandi orðræðu valdhafa og öðrum textum samfélagsins, t.d. skólabókum, fjölmiðlum og ímyndarsköpun hverskonar. Ríkjandi orðræða hefur því áhrif þegar kemur að því að skapa eða viðhalda ákveðinni sjálfsmynd sem haldið er á lofti af valdhöfum. Með því að ýta undir sameiginlega fortíð og halda ákveðnum minningum á lofti og breiða yfir aðrar verður hin sameiginlega fortíð þegnanna viðtekin og almenn.

Það vald sem býr í orðræðunni er því gríðarmikið og óumdeilanlegt. Með því að halda ákveðnum hugmyndum á lofti, bæði heima og á alþjóðavettvangi, eru þær festar í sessi og ýtt er undir tvíhyggjuna, *við* og *hinir*, sem stuðlar að enn frekari samþjöppun og samsömun þjóðarinnar. Það mætti því tala um nokkurskonar *einröddun* í sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

## 7 Lokaorð

Markmið mitt með ritgerðinni var að varpa ljósi á orðræðu forseta Íslands á alþjóðavettvangi á tímabilinu 1997-2012. Mig langaði að sjá hvaða sjálfsmynd birtist í orðræðu hans og með sjálfsmynd þá á ég við sjálfsmynd þjóðarinnar. Ég hafði ákveðinn grun um hvað myndi birtast mér þar sem um opinber gögn er að ræða og fjallað hefur verið um ræður forsetans á opinberum vettvangi m.a. í rannsóknarskýrslu Alþingis frá 2010. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar byggir á kenningum um póststrúktúralisma, þjóðernisstefnu og smáríki en þær hjálpuðu til við að búa til ákveðinn farveg. Ég notaði blandaða aðferðafræði við rannsóknina þar sem ég framkvæmdi bæði innihaldsgreiningu og orðræðugreiningu. Í þessu tilfelli kom það vel út þar sem með innihaldsgreiningu kom ég auga á tíðini orða og hugtaka sem birtust og það auðveldaði mér að koma auga á þrástef sem urðu að þeim þemum sem ég orðræðugreindi. Ákveðnu verklagi var fylgt sem byggist á því að koma auga á þrástef sem einkenna orðræðuna eða mótsagnir sem þar kunna að leynast.

Rannsókn af þessu tagi er gagnleg til að koma auga á ríkjandi orðræðu og samspil valds og þekkingar, líkt og Foucault fjallar um í sínum kenningum. Veröldin er sköpuð og sköpunin á sér stað í tungumálinu og texta samfélagsins. *Sannleikurinn* eða *hið viðtekna* verður ekki til af neinu og því er gagnlegt að sjá hver orðræða valdhafa ríkisins er og hvað birtist í henni á alþjóðavettvangi. Hefur orðræða forseta Íslands mótandi áhrif á þegna ríkisins, fara þeir mögulega að samsama sig þeirri sjálfsmynd sem orðræðan ýtir undir? Í niðurstöðunum sést að orðræða forseta Íslands kallast á við þá orðræðu sem ríkti á Íslandi á árunum 1900-1930 sem Sigríður Matthíasdóttir rannsakaði í doktorsriti sínu: *Hinn sanni Íslendingur*. Það er áhugavert að sjá að þau einkenni og sú sjálfsmynd sem var búin til á þeim tíma birtist aftur hjá forseta Íslands. Það eru því mörg tækifæri til að halda áfram með rannsókn af þessu tagi til að kafa enn dýpra í sjálfsmyndarsköpun þjóðar, jafnvel samanburðarrannsókn eða út frá öðrum kenningum. Einnig væri áhugavert að skoða nánar hvort einstaklingar reyni að *passa* inn í æskilega eða þá sjálfmynd sem er hampað af valdhöfum, *hinn sanna Íslendingur* eða hvort *útrásarvíkingarnir* ofmetnuðust vegna *hinna eðlislægu eiginleika* sem voru í raun mótaðir en ekki meðfæddir.

## 8 Heimildaskrá

- Allen, Graham. 2000. *Intertextuality*. Routledge, London, New York.
- Bakhtín, M. M. 1981. *The Dialogic Imagination. Four Essays*. Ritstj. og þýð. Mikhail Holquist. University of Texas Press, Austin.
- Baldur Þórhallsson. 2000. *The Role of Small States in the European Union*. Ashgate, Brookfield.
- Berelson, B. 1971. *Content Analysis in communication Research*. Hafner Publishing Company, New York.
- Billig, Michael. 1995. *Banal Nationalism*. Sage Publications, London.
- Bjarki Valtýsson. 2011. *Íslensk Menningarpólitik*. Nýhil, Reykjavík.
- Creswell, J.W. 2007. *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions*. Sage, Thousand Oaks.
- Der Derian, James. 1992. *Antidiplomacy: spies, Terror, Speed, and War*. Blackwell Publishers, Oxford.
- Der Derian, James. 1997. „Post-Theory: Ethics in International Relations“ í *New Thinking in International Relations Theory*, bls. 54-67. Ritstj. Michael W. Doyle og G. John Ikenberry. Westview Press, Colorado.
- Devetak, Richard. 2009. „Poststructuralism“. Í *Theories of International Relations*, bls. 180-211. Ritstj. Scott Burchill og Andrew Linklater. Palgrave Macmillan, Hampshire.
- Flockhart, Trine. 2012. „Constructivism and foreign policy“. Í *Foreign Policy*, bls. 78-93. Ritstj. Steve Smith, Amelia Hadfield og Tim Dunne. Oxford University Press, Oxford.
- Foucault, Michel. 1977. *Discipline and punish: the birth of the prison*. Allen Lane, London.
- Foucault, Michel. 1980. „Two lectures.“ Í *Power/Knowledge: Selected Interviews & Other Writings 1972-1977*, bls.78-108. Þýð. Bjarki Valtýsson. Ritstj. Colin Gordon. Pantheon Books, New York.
- Foucault, Michel. 2005. *Alsæi, vald og þekking*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Giddens, Anthony. 1989. *Sociology*. Polity Press, Cambridge.

- Gill, Rosalind. 2000. „Discourse Analysis“. Í *Qualitative Researching: with Text, Image and Sound*, bls. 172-189. Ritstj. Martin W. Bauer og George Gaskall. Sage Publications, London.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2007. *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur Akadémían, Reykjavík.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2006. „Collective Memory, History, and National Identity.“ Í *The Culultural Reconstruction of Places*, bls. 83-100. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. University of Iceland Press, Reykjavík.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2. Janúar 2014. *Hádegisfréttir Ríkisútvarpsins*. Vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/samstada-thjodarinnar-er-godsogn>, sótt 5. janúar 2014.
- Hall, Stuart. 1997. „The Spectacle of the Other.“ Í *Representation: cultural representations and signifying practices*, bls. 223-290. Ritstj. Stuart Hall. Sage Publications, London.
- Hansen, Lene. 2011. „Poststructuralism.“ Í *The Globalization of World Politics – An introduction to international relations*, bls. 166-188. Ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens. Oxford University Press, Oxford.
- Hansen, Lene. 2012. „Discourse analysis, post-structuralism, and foreign policy.“ Í *Foreign Policy*, bls. 94-113. Ritstj. Steve Smith, Amelia Hadfield og Tim Dunne. Oxford University Press, Oxford.
- Hey, Jeanne A. K. 2003. *Small States in World Politics: Explaining Foreign Policy Behavior*. Ritstj. Jeanne A. K. Hey. Lynne Rienner Publishers, London.
- Hutchinson, John. 1994. *Modern Nationalism*. Fontana Press, London.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2006. „Leitað að mótsögnum – Um verklag við orðræðugreiningu.“ Í *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*, bls. 178-194. Ritstj. Rannveig Traustadóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Kohn, Hans. 1982. *Nationalism. Its Meaning and History*. Robert E. Krieger: Malabar.
- Kristeva, Julia. 1991. „Orð, tvíröddun og skáldsaga.“ í *Spor í Bókmenntafræði 20. aldar*, bls. 93-128. Þýð. Garðar Baldvinsson. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Magnús Jónsson. 1943. *Alþingishátíðin 1930*. Reykjavík: Leiftur.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 21. júlí 1997. [Address](#) at *The National Press Club, Washington D.C.* Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 14. júní 1998. [Lecture](#) at *the Vilnius University, Lithuania*. Sótt þann 20. september 2013.

- Ólafur Ragnar Grímsson. 28. maí 1999. [Opening address "Getting Ahead"](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 18. apríl 2000. [Ávarp í tilefni af opnun Kaupthing Bank í Luxemborg](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 15. apríl 2002. [Fyrirlestur forseta á ráðstefnu Norðurlandaráðs: Framtíð lýðræðis: Norðurlönd árið 2020](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 19. apríl 2002. [Ræða í hátíðarkvöldverði Vladimir Putin forseta Rússlands, í Kremli](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 5. maí 2000. [Ávarp á hádegisverðarfundum í Íslensk-ameríska verslunarráðsins í Los Angeles](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 20. maí 2002. [Fyrirlestur á ráðstefnu við Harvard háskóla: Tækifæri smárra ríkja á tímum alþjóðavæðingar: Reynsla Íslands](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 14. júní 2002. [Ávarp í hátíðarkvöldverði forseta Íslands til heiðurs forseta Alþýðulýðveldisins Kína, Jiang Zemin og frú Wang Yeping](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 11. október 2002. [Address at the opening of Balkanpharma Plant](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 22. nóvember 2002. [Opening address of the Exhibition: Vikings: A North-Atlantic Saga](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 23. október 2003. [Keynote Address at "A Country of Progress - A World of Opportunities", investment Conference](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 24. febrúar 2005. [Address at the opening of the European Headquarters on Avion Group, Crawley, England](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 3. maí 2005. [Ræða í Walbrook klúbbnum í Lundúnum: How to succeed in modern business: Lessons from the Icelandic voyage](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 10. janúar 2006. [Fyrirlestur forseta um útrásina í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, Útrás: Uppruni - Einkenni - Framtíðarsýn](#). Sótt þann 20. september 2013.

- Ólafur Ragnar Grímsson. 24. maí 2006. [Ræða á hádegisverðarfundum í boði finnsku kauphallarinnar í Helsinki](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 25. maí 2006. [Ræða á viðskiptaráðstefnu sem Útflutningsráð boðar til í Lancaster House í Lundúnum, "Iceland in London - Partnering for success"](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 1. janúar 2008. [Nýársávarp forseta Íslands](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 16. júní 2008. *"Small States - Emerging Power? The Larger Role of Smaller States in the 21st Century"* sem haldin er í samvinnu utanríkisráðuneytisins og Smárikjaseturs við Háskóla Íslands. [Ræða forseta](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 14. október 2008. *Forseti flytur setningarræðu á ráðstefnunni The Role of Small States in International Peace and Security sem Ísland efndi til í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York*. [Ræða forseta](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 9. september 2010. [Setningarræða á orkuráðstefnu sem haldin var í sýningarskála Íslands á heimssýningunni í Shanghai](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 11. október 2011. [Ræða forseta við opnun bókasýningar í Frankfurt](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 24. apríl 2012. [Ávarp forseta á sjávarútvegsýningu í Brussel](#). Sótt þann 20. september 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 1. janúar 2014. Vefslóð: [http://www.forseti.is/media/PDF/2014\\_01\\_01\\_Aramotaavarp.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2014_01_01_Aramotaavarp.pdf). Sótt þann 5. janúar 2014.
- Sigríður Matthíasdóttir. 2004. *Hinn sanni Íslendingur – Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis – 8. bindi*. 2010. Bls. 170-179. Ritstj. Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. Rannsóknarnefnd Alþingis, Reykjavík.
- Smith, A. D. 1991. *National Identity*. Penguin, Harmondsworth.
- Smith, A. D. 2001. *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Polity, Cambridge.
- Smith, Laurajane. 2006. *Use of heritage*. Routledge, London.

Taylor, J. Steven og Robert Bogdan. 1998. *Introduction to Qualitative Research Methods*. John Wiley&Sons, Inc, New York.

Weedon, Chris. 2009. „Feminism & the Principles of Poststructuralism.” Í *Cultural Theory and Popular Culture*. Ritstj. John Storey. Pearson Education Limited, Essex.